46	22. apríl	Lög um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum .....	111
51	3. maí	Lög um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl. ....	115-116
59	22. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum .....	128
60	10. maí	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum .....	129
64	2. maí	Lög um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum .....	133-137
65	2. maí	Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum .....	137-138
66	2. maí	Lög um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum .....	138
121	28. nóv.	Lög um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum .....	430
122	28. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum .....	431
131	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda .....	437
133	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum .....	439
134	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum .....	440
135	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum .....	441
137	19. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum .....	443
145	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum .....	449
148	18. des.	Lög um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum .....	452
152	19. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum .....	456-459
162	20. des.	Lög um úrvinnslugjald .....	507-535
166	20. des.	Lög um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum .....	546

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
167	20. des.	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum .....	547-550
169	20. des.	Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum .....	551-552

**Skip**, sjá Siglingar, skip.

**Skólar**, sjá Menntamál.

**Sóttvarnir**, sjá Heilbrigðismál.

### **Stjórnarráð Íslands.**

49	26. apríl	Lög um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993 .....	113
172	31. des.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum .....	848

### **Sveitarstjórnarmál.**

27	8. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna .....	55-59
60	10. maí	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum .....	129
167	20. des.	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum .....	547-550

**Söfn**, sjá Menntamál.

**Tannsmiðir**, sjá Iðnaðarmál.

**Tekjustofnar sveitarfélaga**, sjá Skattar, gjöld og tollar;  
Sveitarstjórnarmál.

**Tollar**, sjá Skattar, gjöld og tollar.

### **Tóbak.**

6	31. jan.	Lög um tóbaksvarnir .....	5-10
122	28. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum .....	431

### **Tryggingar.**

5	8. feb.	Lög um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika .....	4
---	---------	--	---

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
26	8. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, með síðari breytingum .....	54
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu .....	165-177
139	18. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta .....	444

### Umboð, sjá Samningar.

#### Umferðarmál.

83	10. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum .....	221-224
----	---------	--	---------

#### Umhverfismál.

90	15. maí	Lög um Umhverfisstofnun .....	239-240
91	15. maí	Lög um varnir gegn landbroti .....	241-243
98	15. maí	Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarnarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum .....	284-287
162	20. des.	Lög um úrvinnslugjald .....	507-535
164	20. des.	Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar .....	536-545

### Upplýsingar, sjá Neytendamál.

#### Útflutningur.

55	2. maí	Lög um útflutning hrossa .....	123-124
160	20. des.	Lög um útflutningsaðstoð .....	468-469

#### Útlendingaeftirlit.

76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu .....	165-177
96	15. maí	Lög um útlendinga .....	256-275
97	10. maí	Lög um atvinnuréttindi útlendinga .....	276-283

### Vegamál, sjá Samgöngumál.

### Veiði, friðun, sjá Umhverfismál.

### Veitingastaðir, sjá Ferðamál.

### Verðbréf, sjá Fjármálastarfsemi.

### Verðlagsmál, sjá Samkeppnismál.

## XXVIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Verslun.</b>			
30	16. apríl	Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu .....	62-69
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu .....	165-177
77	8. maí	Lög um vörur unnar úr eðalmálum .....	178-181
94	15. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum .....	251-253
138	18. des.	Lög um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrtækja (verslunarlánasjóð) .....	444
<b>Vitar, sjá Samgöngumál.</b>			
<b>Vörumerki, sjá Einkaleyfi.</b>			
<b>Ökutæki.</b>			
22	4. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. ....	49
<b>Öryggismál.</b>			
44	18. apríl	Lög um geislavarnir .....	104-110
68	3. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum .....	140
70	8. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.) .....	141-142
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu .....	165-177
164	20. des.	Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar .....	536-545

# Skrá

## um útgáfudaga A-deildar 2002.

A	1,	nr. 1-2 .....	18. janúar
A	2,	nr. 3-4 .....	31. janúar
A	3,	nr. 5 .....	11. febrúar
A	4,	nr. 6-9 .....	20. febrúar
A	5,	nr. 10-11 .....	4. mars
A	6,	nr. 12 .....	12. mars
A	7,	nr. 13-21 .....	3. apríl
A	8,	nr. 22 .....	4. apríl
A	9,	nr. 23-27 .....	8. apríl
A	10,	nr. 28-29 .....	11. apríl
A	11,	nr. 30-31 .....	16. apríl
A	12,	nr. 32 .....	2. maí
A	13,	nr. 33-48 .....	7. maí
A	14,	nr. 49-50 .....	6. maí
A	15,	nr. 51-52 .....	7. maí
A	16,	nr. 53-55 .....	10. maí
A	17,	nr. 56-58 .....	14. maí
A	18,	nr. 59-83 .....	17. maí
A	19,	nr. 84 .....	21. maí
A	20,	nr. 85-89 .....	23. maí
A	21,	nr. 90-99 .....	31. maí
A	22,	nr. 100-107 .....	6. júní
A	23,	nr. 108-110 .....	9. september
A	24,	nr. 111 .....	4. nóvember
A	25,	nr. 112-123 .....	29. nóvember
A	26,	nr. 124-132 .....	20. desember
A	27,	nr. 133-169 .....	30. desember
A	28,	nr. 170-171 .....	16. janúar 2003
A	29,	nr. 172 .....	24. janúar 2003

**Endurprentuð blöð:** 461, 462, 553.

### Leiðréttingar:

Bls. 424, í haus á miðri síðu: 28. maí 2002 Les: 27. maí 2002.

Bls. 424, í neðsta haus: 27. maí 2002 Les: 28. maí 2002.









# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 2002

---

10. janúar 2002

1

Nr. 1

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

17. janúar 2002

Nr. 2

## BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 22. janúar 2002 kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Davíð Oddsson.*

---

Stjórnartíðindi A 1, nr. 1–2. Útgáfudagur 18. janúar 2002.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2002

Nr. 3

2

31. janúar 2002

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990,  
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur viðmiðunarþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera 0,67% af leyfilegum heildarafla í þorski, að teknu tilliti til þeirrar aukningar sem leiðir af 5. mgr. a-liðar 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001. Leyfilegir sóknardagar í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 skulu vera 23. Fjöldi leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárunum þar á eftir skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár á grundvelli hlutfalls milli viðmiðunarþorskafla skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og raunafla sóknardagabáta í þorski á næstliðnu fiskveiðiári og skal sóknardögum fækka eða fjölga í sama hlutfalli. Sóknardögum hvers báts skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 10% milli fiskveiðiára.

Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins

á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 18. janúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 2002

---

Nr. 5

4

8. febrúar 2002

## LÖG

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 10. apríl 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 8. febrúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 2002

31. janúar 2002

5

Nr. 6

## LÖG

### um tóbaksvarnir.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, skv. 17. gr. laga nr. 95/2001, hef látið fella meginmál þeirra laga inn í lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. lög nr. 7/1996, 101/1996 og 82/1998, um breytingu á þeim lögum, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið og stjórn.

##### 1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

##### 2. gr.

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

## 3. gr.

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

## 4. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

## 5. gr.

Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrjú menn, og skulu a.m.k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann.

Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma tóbaksvarnir í landinu.
4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu. Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar í reglugerð.

## II. KAFLI

**Sala og auglýsingar.**

## 6. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.

Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um aðvörunar-texta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

## 7. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utan lands af erlendum aðilum á erlendum tungu-

málum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Þrátt fyrir það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.

Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi.

Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:

1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal vörukynningar, útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti,
3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra,
4. dreifingu vörusýna til neytenda.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miða að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

#### 8. gr.

Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.

Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja finkornótt neftóbak og allt munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig háttáð skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Skal leyfi veitt til fjögurra ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitar-



félögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjalddöku fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt grein þessari.

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

### III. KAFLI

#### Takmörkun á tóbaksreykingum.

##### 9. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótt- og tómstundastarf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræstingu, sbr. 4. mgr. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í tilteknum gistiberbergjum á hótelum og gistiheimilum. Í gistiskálum má hvorki leyfa reykingar í herbergjum né svefnskálum.

Þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt grein þessari skal séð fyrir loftræstingu sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Stjórnendur veitingastaða skulu leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.

Ráðherra skal í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setja reglur um takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum.

##### 10. gr.

Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, á leikskólum, hvers konar dagvistum barna og í húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótt- og tómstundastarfa barna og unglinga.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í framhaldsskólum og sérskólum.
4. Á heilsugæslustöðvum, á læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Það á þó ekki við íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum en þar er þó skylt að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklusum íbúðarherbergjum.
5. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd undanþágunnar.
6. Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum. Skylt er að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklusum fangaklefum.

Öll önnur tóbaksneysla er jafnframt bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til

félags-, íþróttá- og tómstundastarfa ungmenna. Sama gildir um allar samkomur sem einkum eru ætlaðar ungmönnum.

Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar.

#### 11. gr.

Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á skv. 1. mgr. 18. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

#### 12. gr.

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. og 3. mgr. 9. gr., sbr. þó 5. mgr. sömu greinar, skal hver maður eiga rétt á reykluslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

#### 13. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugum milli landa án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.

### IV. KAFLI

#### Fræðslustarfsemi.

#### 14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tóbaksvarnanefnd sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu:

1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðsla í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í fjölmíðlum.

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

### V. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 15. gr.

Skyld er að verja a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna.

Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

## 16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

## VI. KAFLI

**Eftirlit og viðurlög.**

## 17. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöð-um tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á við-komandi eftirlitssvæði að undangenginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðar-nefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 18. gr.

Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

## 19. gr.

Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## 20. gr.

Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsa-kynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segj-ast.

## 21. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum sam-kvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Jón Kristjánsson.*

# LÖG

## um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.

b. 3. mgr. orðast svo:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 64/1934, um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur: Orðin „í samráði við iðnráð Reykjavíkur“ í niðurlagi 1. gr. falla brott.

*Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

# LÖG

## um áhugamannahnefaleika.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

#### 2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

#### 3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**  

---

*Björn Bjarnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 2002

---

22. febrúar 2002

13

Nr. 10

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 22. febrúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

2. mars 2002

Nr. 11

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Tómas Ingi Olrich fer með ráðherrastörf þau sem Birni Bjarnasyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer hann með menntamálaráðuneytið.

*Forsætisráðuneytinu, 2. mars 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 2002

---

Nr. 12

14

11. mars 2002

## LÖG

### um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Siglingastofnun er heimilt að veita skipverja tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila. Greiða skal gjald fyrir veittan frest og skulu þau gjöld standa undir raunkostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu hans. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6.–7. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt. Siglingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sturla Böðvarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 2002

4. mars 2002

15

Nr. 13

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*



**LÖG****um breyting á almennum hegningarlögum,  
nr. 19 12. febrúar 1940  
(kynferðisbrot gegn börnum).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## 1. gr.

Við 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

## 2. gr.

Við 1. másl. 4. mgr. 210. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, bætist: eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*

# LÖG

## um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:  
Reikningsár félagsins er almanaksárið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*

# LÖG

## um breyting á lögum um sammingsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr. getur dómari ákveðið samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum gerðardóms meðan málið er leitt til lykta. Ákveða má að slík frestun sé bundin því að lögð sé fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardóminum. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal tekin með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð einkamála.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Um aðförina fer eftir sömu reglum og gilda um dóma uppkveðna af íslenskum dómstólum og sáttir sem komist hafa á fyrir þeim.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um aðför til fullnustu gerðardóms skv. 1. eða 2. mgr. fer eftir sömu reglum og gilda um aðför til fullnustu erlendra dómsúrlausna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

## LÖG

**um breyting á lögum um endurskoðendur,  
nr. 18/1997, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurskoðunarfyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

2. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af tilskipun 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna og öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „10.000“ í 2. másl. kemur: 50.000.
- b. 4. másl. orðast svo: Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um pósthjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Gildissvið laganna og markmið.

##### 1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um pósthjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og skilum á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

##### 2. gr.

*Markmið.*

Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu.

##### 3. gr.

*Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.*

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

### II. KAFLI

#### Orðaskýringar.

##### 4. gr.

*Afgreiðslustaðir:* Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

*Almenn heimild:* Heimild til að veita pósthjónustu aðra en alþjónustu.

*Alþjónusta:* Pósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

*Ábyrgðarsending:* Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum ákvörðunarstað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

*Blindrasending:* Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

*Bréf:* Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

*Einkaréttarþjónusta:* Póstþjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekkandi í umboði þess.

*Endastöðvagjöld:* Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

*Fjármunasetning:* Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávisanir, póströfur og önnur fjármunabjónusta.

*Frímerki:* Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

*Gjaldmerki:* Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákna um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu.

*Grunnkröfur:* Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um pósthjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi pósthlutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og, þar sem réttlætun er, verndun gagna, verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

*Markpóstur:* Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðskynningu eða almennu kynningarefni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakanda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

*Móttaka:* Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

*Póstkassi:* Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í pósthjónustu.

*Póstrekandi:* Aðili sem veitir hvers kyns pósthjónustu.

*Póstsending:* Sending með eða án áritunar á umbúðir sem póstrekkandi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og böggjar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

*Pósthjónusta:* Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

*Rekstrarleyfishafi:* Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

*Tryggð sending:* Þjónusta sem tryggir pósthjónustu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

*Útburður:* Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu póst í póstmíðstöð og lýkur með afhendingu hans á ákvörðunarstað.

### III. KAFLI

#### Yfirstjórn póstmála.

##### 5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu pósthjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga þessara.

#### IV. KAFLI Alþjónusta.

##### 6. gr.

Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir pósthjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

- a. að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,
- b. að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,
- c. að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmalalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
- d. að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,
- e. að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafréttum og pósthjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og böggla-sendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skyld er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um pósthjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

#### V. KAFLI Einkaréttur ríkisins.

##### 7. gr.

##### *Einkaréttur á pósthjónustu.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á pósthjónustu vegna eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa án tillits til innihalds allt að 250 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en fimm sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.
2. Ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda.

##### 8. gr.

##### *Útgáfa frímerkja.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins á þessu sviði, skal gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Hann skal taka frá a.m.k. 500 eintök af hverju nýju frímerki. Safn þetta skal vera í vörslu rekstrarleyfishafans en í eigu íslenska ríkisins. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins til útgáfu íslenskra frímerkja, skal senda samsvarandi aðilum erlendis, sem meðlimir eru í alþjóðapóst sambandinu, nýjar útgáfur íslenskra frímerkja og annast vörslu frímerkja sem er-



lend ríki senda til landsins á sama hátt. Íslenska ríkið telst eigandi allra frímerkja sem erlend ríki senda hingað samkvæmt þessu.

9. gr.

*Uppsetning póstkassa.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri. Póst- og fjarskiptastofnun er þó heimilt að veita öðrum rekstrarleyfishöfum en falinn er einkaréttur ríkisins leyfi til uppsetningar póstkassa á almannafæri enda séu þeir greinilega merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp.

10. gr.

*Auðkenni.*

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á póstpjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, getur heimilað aðilum sem starfa í þágu hans að nota auðkennið.

11. gr.

*Framsal á einkarétti ríkisins.*

Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins samkvæmt þessum kafla. Við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt.

VI. KAFLI

**Heimildir til að starfrækja póstpjónustu.**

12. gr.

*Tegundir heimilda.*

Óheimilt er að starfrækja póstpjónustu án almennrar heimildar eða rekstrarleyfis nema þegar um er að ræða póstsendingar innan fyrirtækis, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstpjónustu. Heimildir skulu vera tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur póstpjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. Almennum heimildum fylgja ekki sérréttindi. Þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn.

Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Við veitingu heimilda skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal vera gegnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

Óheimilt er að framselja heimildir hvort sem þær eru í formi almennra heimilda eða rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi ef viðkomandi aðili verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn

skilmálum almennrar heimildar eða rekstrarleyfis. Í síðasttalda tilfellinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörðun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar heimildar kemur.

### 13. gr.

#### *Almennar heimildir.*

Aðilar sem hyggjast starfrækja pósthjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun hjónustunnar um fyrirætlan sína. Tilkynna skal stofnuninni um það hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu aðilans og hver sé fyrirhuguð hjónusta. Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort krafist verður að sótt sé um rekstrarleyfi en að öðrum kosti skrá aðila sem póstrekkanda með almenna heimild. Hefji póstrekkandi að veita pósthjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemina þangað til að úr hefur verið bætt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekkendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

### 14. gr.

#### *Rekstrarleyfi.*

Póstrekkendur sem hyggjast veita alþjónustu skv. 6. gr. skulu sækja um rekstrarleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsóknum skal skýrt frá því hverjir eiga aðild að umsókninni, eignarhlutföllum þeirra, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð hjónusta og hjónustusvæði. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

### 15. gr.

#### *Skilyrði rekstrarleyfa.*

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa skv. 14. gr. Skilyrðin skulu vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal rekstrarleyfishafa. Skilyrði rekstrarleyfa geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

- a. að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að alþjónustu,
- b. að rekstrarleyfishafi taki að sér skyldur ríkisins sem fylgja einkarétti þess,
- c. að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir hjónustu sem er í einkarétti sé háð samþykki hennar,
- d. að rekstrarleyfishafi hagi bókhaldi sínu í samræmi við 18. gr. og veiti Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um bókhaldið og aðgang að því,
- e. að uppfylltar séu hjónustu- og gæðakröfur, sbr. VIII. kafla,
- f. að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
- g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
- h. að alþjóðasamningar á sviði póstmála sem ríkið hefur gert séu virtir,
- i. að uppfylltar séu kröfur skv. 2. mgr. 6. gr.,

j. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum rekstrarleyfa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig gert að skilyrði að rekstrarleyfishafi, sem falin er alþjónusta, tryggi að almenningi á ákveðnum stöðum sé veittur aðgangur að pósthjónustu í samræmi við reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða sem Póst- og fjarskiptastofnun skal setja með hliðsjón af þörfum almennings.

## VII. KAFLI

### Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

#### 16. gr.

##### *Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.*

Póstrekendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum rekstrarleyfa þegar það á við.

Rekstrarleyfishafar skulu í skilmálum sínum setja ákvæði um eftirlit með notkun frímerk-ingavéla. Tekið skal fram með hvaða hætti áfylling á vélarnar fari fram og hvaða öryggisráð-stafana er krafist til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjón-ustu.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að við-bættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðan-leg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til sam-þykkis eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir gildistöku.

Póstsendingar sem ekki bera gjald samkvæmt alþjóðasamningum skulu einnig vera gjald-frjálssar innan lands.

#### 17. gr.

##### *Gjöld fyrir alþjónustu milli landa.*

Við gerð samninga um endastöðvagjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu rekstrarleyfishafar hafa til viðmiðunar eftirtaldr grundvallarreglur:

1. Endastöðvagjöld skulu taka mið af kostnaði við póstméðferð, þ.m.t. útburð.
2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.
3. Endastöðvagjöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

## 18. gr.

*Fyrirkomulag bókhalds.*

Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekendur sem stunda einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna póstarstarfsemi sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu kostnaðar og fjárhagslegan aðskilnað milli póstpjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu, alþjónustu og annarrar þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerðinni og skal það staðfest opinberlega.

## 19. gr.

*Gerð og birting ársreikninga.*

Ársreikningar rekstrarleyfishafa skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

## VIII. KAFLI

**Kröfur um þjónustu og gæði.**

## 20. gr.

*Móttaka pósts.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag.

## 21. gr.

*Útburður pósts.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

## 22. gr.

*Gæðakröfur.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal að því er varðar alþjónustu setja kröfur um gæði. Í slíkum reglum skal m.a. kveða á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundraðshluta, lágmarksopnunartíma póstafréiðslustaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka með þessum lögum. Gæðakröfur fyrir póstpjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum í einstökum tilfellum vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna dreifingarnets rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar. Stofnunin skal árlega gera könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

23. gr.

*Tæknistaðlar.*

Rekstrarleyfishafar skulu hafa að leiðarljósi tæknistaðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB, einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 22. gr.

24. gr.

*Öryggi póstsendinga.*

Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga. Þegar um er að ræða ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar skulu póstrekendur gera sérstakar ráðstafanir til þess að geyma þær á öruggum stað meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um öryggismál á póstaftgreiðslum.

IX. KAFLI

**Póstflutningar.**

25. gr.

*Skylda til að flytja póstsendingar.*

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar rekstrarleyfishafa milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

26. gr.

*Öryggi í flutningum.*

Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

X. KAFLI

**Jöfnunarsjóður alþjónustu.**

27. gr.

*Umsóknir um fjárframlög.*

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 14. og 15. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir. Umsóknir um framlög skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.

Við móttöku umsóknar um fjárframlag skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort þjónustan falli innan ramma 6. gr. og ef svo er hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Ef það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þjónustan verði ekki aflögð, ef mæta á markmiðum 2. gr., og ekki reynist mögulegt að veita þjónustuna á hagkvæmari hátt skal stofnunin tryggja rekstrarleyfishafa fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að fylgjast með notkun fjárframlaga.

Með umsókn rekstrarleyfishafa um fjárframlög til alþjónustu skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um það hvert sé heildarrekstrartap af alþjónustu rekstrarleyfishafa á viðkomandi

svæði og hvernig tapið sundurliðast. Sem hluta af vinnslu umsóknar getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildartekjur og kostnað umsækjanda af alþjónustu. Einnig getur stofnunin krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu umsækjanda á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur krafist aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með því hvernig framlögum er varið. Í lok hvers árs skal rekstrarleyfishafi sem hlotið hefur framlag úr jöfnunarsjóði gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins.

Þegar hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa er háður fjárframlögum úr jöfnunarsjóði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.

Fjárframlög eru veitt til eins árs í senn og skal endurnýja umsóknir um fjárframlög fyrir settan tíma. Samgönguráðherra setur nánari reglur um umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði og afgreiðslu þeirra í reglugerð um alþjónustu, sbr. 6. gr.

#### 28. gr.

##### *Jöfnunargjald.*

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunargjaldið skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við heildarrekstrartekjur sem viðkomandi rekstrarleyfishafi hefur af póststarfsemi sem fellur undir ákvæði um alþjónustu.

Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

#### XI. KAFLI

##### **Samningar um sértæka pósthjónustu.**

#### 29. gr.

##### *Sértæk pósthjónusta.*

Óski samgönguráðherra eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka pósthjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekaða í kjölfar útboðs.

#### 30. gr.

##### *Fjármögnun sértækra pósthjónustu.*

Kostnaður vegna sértækra framkvæmda eða pósthjónustu skv. 29. gr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

## XII. KAFLI

**Reglur um póstmeðferð.**

## 31. gr.

*Móttaka og afhending póstsendinga.*

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstpjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun útlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimplill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfabakka eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfabakkar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekaða og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekaða þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekaða ný fyrirmæli um póstmeðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekaða er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

## 32. gr.

*Óskilasendingar.*

Póstrekendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakanda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekaði endursenda til sendanda.

Póstrekendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekkanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekkanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekkanda.

### 33. gr.

#### *Óheimilar póstsendingar.*

Óheimilt er að afhenda póstrekkanda sendingar með innihaldi sem er ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir móttakanda.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd pósthjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólöglegt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólöglegt innihald póstsendinga og skulu póstrekkendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóstsambandinu listann yfir ólöglegt innihald. Sömuleiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólöglegt í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hliðstæð verðmæti.

### 34. gr.

#### *Umbúðir póstsendinga.*

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekkendum í umbúðum. Póstrekkendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekkandans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni. Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd pósthjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrennalöndunum um samsvarandi hluti.

### 35. gr.

#### *Nánari reglur um framkvæmd pósthjónustu.*

Nánari reglur um framkvæmd pósthjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal samgönguráðherra setja í reglugerð um alþjónustu.



## XIII. KAFLI

**Upplýsingaskylda póstrekenda.**

36. gr.

*Upplýsingar um rekstur.*

Póstrekendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfraðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstlagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdarflokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

Rekstrarleyfishafar skulu veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Rekstrarleyfishafi, sem fer með einkarétt ríkisins, skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og fjárhag sem nauðsynlegar eru að mati Póst- og fjarskiptastofnunar við endurskoðun á gjaldskrá hans. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

Rekstrarleyfishafar skulu láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 22. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

## XIV. KAFLI

**Skaðabætur.**

37. gr.

*Bætur vegna seinkana.*

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki.

38. gr.

*Almennar sendingar.*

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

39. gr.

*Ábyrgðarsendingar og bögglar.*

Sendandi ábyrgðarsendinga og böggla skal eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekenda. Skaðabætur skulu miðast við verðmæti sendinganna. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendum ber að taka á sig í þessu sambandi.

40. gr.

*Tryggðar sendingar.*

Sendandi tryggðar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekenda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

## 41. gr.

*Fjármunasendingar.*

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu og skal standa sendanda full skil á verðmæti slíkrar sendingar glatist hún.

## 42. gr.

*Óbeint tjón.*

Skaðabótaskylda skv. 39.–41. gr. nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekkanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

## 43. gr.

*Póstsendingar milli landa.*

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekkanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

## 44. gr.

*Sérstök tilvik.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekkandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekkanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

## 45. gr.

*Fyrning skaðabótakröfu.*

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

## XV. KAFLI

**Póstleynd og undanþágur.**

## 46. gr.

*Póstleynd og íhlutun starfsmanna.*

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun pósthjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við pósthjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## 47. gr.

*Undanþágur.*

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr.

32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

48. gr.

*Ólögmaet háttsemi.*

Starfsmönnum við pósthjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

49. gr.

*Skylda að upplýsa starfsfólk.*

Póstrekendur skulu kynna starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við pósthjónustu ákvæði þessa kafla.

## XVI. KAFLI

### **Millirikjasamningar.**

50. gr.

*Pósthjónusta við önnur lönd.*

Ákvæði laga þessara gilda einnig um pósthjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við millirikjasamninga um pósthjónustu.

51. gr.

*Þátttaka rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að rekstrarleyfishafar skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

## XVII. KAFLI

### **Viðurlög.**

52. gr.

*Viðurlög við brotum.*

Brot á lögum þessum varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn XV. kafla laganna, um póstleynd og ólögmæta háttsemi, varða sektum eða fangelsi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsfa með fangelsi allt að þremur árum.

XVIII. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

53. gr.

*Reglugerðir.*

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

54. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um póstpjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum.

VIÐAUKI

**Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa  
innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstmeðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjölda virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun póstis á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sturla Böðvarsson.*

# LÖG

## um skylduskil til safna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til samkvæmt lögum þessum;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.

*Varðveislusöfn.*

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmynda-  
safni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara  
laga skv. 1. gr.

### II. KAFLI

#### Skilaskyld verk.

3. gr.

*Skilaskylda.*

Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila sam-  
kvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða  
þegar það er með rétttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það  
er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreif-  
ingar hér á landi.

## 4. gr.

*Verk sem gefin eru út á pappír.*

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verkanna inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

## 5. gr.

*Örgögn og skyggjur.*

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

## 6. gr.

*Hljóðrit.*

Hljóðrit merkir í lögum þessum hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

## 7. gr.

*Verk útgefin á rafrænu formi.*

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforríta nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

## 8. gr.

*Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.*

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforríta nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

## 9. gr.

*Samsettar útgáfur.*

Samsettar útgáfur merkja í lögum þessum útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

## 10. gr.

*Útvarpsefni.*

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að gera samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps.

## 11. gr.

*Kvikmyndir.*

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

Íslenskur framleiðandi í skilningi laga þessara er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess enda virði móttökusafnið aðgangsheimildir allra þeirra er rétt eiga á aðgangi að frumeintakinu. Hitt filmueintakið má vera not-

að sýningareintak. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Sé kvikmynd tekin á filmu afhendir framleiðandi móttökusafni skriflega aðgangsheimild að frumeintaki kvikmyndarinnar innan mánaðar frá frumsýningu myndarinnar. Aðgangsheimild þessi heimilar móttökusafni að gera sýningareintök af myndinni á eigin kostnað og taka hana í sína vörslu að sjö árum liðnum eða fyrir í samráði við framleiðanda og aðra þá sem eiga aðgang að frumeintakinu.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. þó 12. mgr. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 5. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 8. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardeggi. Ef frumeintak kvikmyndar er enn í notkun að sjö árum liðnum er heimilt að varðveita frumeintak kvikmyndarinnar í framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafn. Framleiðanda ber skylda til að láta móttökusafn vita um allar breytingar á vistun myndarinnar. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardeggi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

### III. KAFLI

#### **Framkvæmd skylduskila.**

12. gr.

##### *Frágangur efnis.*

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.



## 13. gr.

*Innsiglan.*

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfírvöld gera upptækt skulu lögregluyfírvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglan þeirra.

## 14. gr.

*Tæknilegar upplýsingar.*

Skilaskyldum aðila ber að verða við óskum móttökusafns um að láta í té þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að verkið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

## 15. gr.

*Meðferð verka.*

Skilaskyld verk eru aðgengileg notendum að því marki sem höfundalög heimila.

## 16. gr.

*Skráning.*

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

## 17. gr.

*Kostnaður af skylduskilum.*

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskyld verk og afhendingu þeirra.

## 18. gr.

*Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.*

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

## 19. gr.

*Undanþágur.*

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Sama gildir um ýmislegt smáprent, svo sem eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsfni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki er ritstýrt og eru án texta.

20. gr.

*Nánari ákvæði.*

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI

**Viðurlög.**

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki verk innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 20. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Tómas Ingi Orlích.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Gjalddagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 1. júlí skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 1. janúar skal greitt fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars og aðra starfsmenn aðila, sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af Flugmálastjórn Íslands, þ.m.t. starfsmenn viðhaldsstöðva eða viðhaldsaðila, þeirrar aðstoðar sem þörf er á.
- b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Með samsvarandi hætti og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skal Flugmálastjórn Íslands heimill aðgangur að sérhverri starfsstöð þeirra aðila sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af stofnuninni, þ.m.t. viðhaldsstöðvum loftfara, einnig að gögnum og skráum sem viðhaldið varða, flugskýlum og öðrum þeim mannvirkjum og gögnum sem komið er upp og við haldið í þágu loftferða.

### 3. gr.

Við 28. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands viðurkennir framleiðendur og viðhaldsaðila samkvæmt umsókn þeirra þar um, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem ráðherra setur með reglugerð um:

- a. starfsemislýsingu, sem skal m.a. taka til skipulags og gæðastjórnunar,
- b. kunnáttu og hæfni ábyrgra fyrirsvarsmanna,
- c. húsnæði, tækjakost og annan búnað,
- d. fjárhag, en tryggt fjárstreymi skal á hverjum tíma nægja til þriggja mánaða reksturs.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn, þ.e. ábyrgðarmaður, tækni-stjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnun-

arinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.

Flugmálastjórn Íslands er hvenær sem er heimilt að gera úttekt á starfsstöðvum framleiðenda og viðhaldsaðila og er fyrirsvarsmönnum slíks reksturs skylt að veita í því skyni þann aðgang og atbeina sem stofnunin krefst.

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út lofthæfisfyrirmæli, einnig rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá framleiðendum og viðhaldsaðilum. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana, í þágu aukins flugöryggis, háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti viðurkenndur framleiðandi eða viðhaldsaðili lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsþætti. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „flugliðar“ í 1. málsl. kemur: flugverjar.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almennt aldurshámark flugliða í flutningaflugi skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 65 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

#### 5. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Farpegum er skylt að fara eftir fyrirmælum flugstjóra eða annarra flugverja um góða hegðun og reglu í loftfari.

#### 6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um takmarkanir á veitingu áfengis til farþega og um meðferð öryggisbúnaðar og raftækja um borð í íslenskum loftförum, eftir því sem stofnunin telur nauðsynlegt í þágu flugöryggis.

#### 7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Verði flugslys sem af hlýst mannlát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra, öðrum

flugverjum eða öðrum starfsmönnum flugrekanda, starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má.

#### 8. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Flugvellir og búnaður þeirra skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Í reglugerð um flugvelli skulu þeir flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónusta skilgreind. Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að flugvellir uppfylli gerðar kröfur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og/eða eigandi hans sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Flugmálastjórn Íslands getur svipt aðila starfsleyfi ef flugvöllur fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hans eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugvallarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugvallar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugvelli tímabundið eða takmarka umferð um hann sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

#### 9. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til reksturs flugstöðva vegna flutnings á farþegum og farmi í atvinnuskyni. Nánar skal kveðið á um kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila, aðstöðu og búnaðar flugstöðva í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugstöðvar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir opnun. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í starfsleyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Starfsleyfi má taka aftur ef flugstöð fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hennar eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugstöðvarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugstöðvar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugstöð tímabundið eða takmarka umferð um hana sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunnri að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

#### 10. gr.

Við 2. mgr. 70. gr. laganna bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva og flugrekendur ræki skyldur sínar á sviði flugverndar í samræmi við flugverndaráætlun sem stofnunin skal gera og viðhalda fyrir Ísland. Flugverndaráætlanir eftirlitsskyldra aðila skulu lagðar fyrir stofnunina til samþykktar, en þær skulu greina viðbrögð við ólögætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, tilgreina fyrirkomulag við öryggisleit á mönnum, leit í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans, tækjabúnað til slíks starfs, lýsingu á gæðakerfum og þjálfunar- og neyðaráætlanir. Þá setur stofnunin reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda, um fyrirkomulag öryggisleitar á farþegum og öðrum aðilum sem vegna starfs síns fara inn á öryggissvæði, svo og fyrirkomulag leitar í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans.

#### 11. gr.

Við 2. mgr. 71. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd Alþjóðaflugþjónustunnar sem sérstakrar rekstrareiningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

#### 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

- a. 4. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „og veittrar leiðarflugþjónustu“ í 6. mgr. falla brott.

#### 13. gr.

Á eftir 1. másl. 73. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Almennt aldurshámark flugumferðarstjóra skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 63 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

#### 14. gr.

Á eftir 1. mgr. 75. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn skal heimilt að taka upp hvers konar fjarskipti vegna flugumferðar og skrá tilkynningar sem berast vegna þeirrar umferðar.

Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Persónuvernd.

Óviðkomandi aðilum skal ekki veittur aðgangur að gögnum þessum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða dómsúrskurði.

#### 15. gr.

Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn flugrekanda, þ.e. ábyrgðarmaður, flugrekstrarstjóri, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmáður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína niður.

#### 16. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjótí leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

#### 17. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 131. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að skerða bótarétt aðila utan loftfars, sem fyrir tjóni verður, með váttryggingarskilmálum sem lúta að sjálfsáhættu váttryggingartaka, eigin sök hans eða með ábyrgðarundanþágum, og skulu slík ákvæði teljast ógild.

#### 18. gr.

136. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins.

Ef eftirlitsskyldur aðili veitir Flugmálastjórn Íslands ekki þær upplýsingar sem hún krefur hann um, innan þess frests sem stofnunin setur, eða sinnir ekki kröfum stofnunarinnar um

útbætur sem hún telur nauðsynlegar, innan hæfilegs frests, getur Flugmálastjórn Íslands gert aðila skylt að greiða dagsektir. Þær skulu þá greiddast þar til farið hefur verið að kröfum Flugmálastjórnar Íslands. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Flugmálastjórn Íslands getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28., 84. og 140. gr. laga þessara. Févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til samgönguráðherra innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina, sem skal gera skriflega gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að og með sannanlegum hætti. Sé févítis- eða dagsektaákvörðun kærð er innheimta ekki heimil fyrir en að gengnum úrskurði ráðherra. Óinnheimtar dagsektir og févíti falla ekki niður við það að eftirlitsskyldur aðili verður síðar við þeim kröfum sem knúið er á um.

Ákvarðanir um dagsektir og févíti eru aðfararhæfar. Málskot til ráðherra frestar aðför, en úrskurðir ráðherra eru aðfararhæfir. Við aðför skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara samkvæmt ákvæðum 13. kafla aðfararlaga. Innheimt févíti og dagsektir renna til ríkissjóðs.

#### 19. gr.

Á eftir orðinu „loftferðamannvirkis“ í 1. mgr. 138. gr. laganna kemur: eigandi eða umráðandi viðhaldsstöðvar eða viðhaldsaðili.

#### 20. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum, reglum eða fyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

#### 21. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Nú telur Flugmálastjórn Íslands skilyrði til sviptingar skirteinisréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá til bráðabirgða svipta hlutaðeigandi þeim rétti sem skirteini hans greinir, svo skjótt sem unnt er. Bráðabirgðasviptingin skal tímabundin. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma eins og hann kann að verða ákveðinn með dómi.

#### 22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.



**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 8. gr., til handa þeim flugvöllum sem starfræktir eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 9. gr., til handa þeim flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sturla Böðvarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 2002

4. apríl 2002

49

Nr. 22

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 8,95 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá gildistöku laga þessara til loka júní 2002.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 4. apríl 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 2002

---

Nr. 23

50

5. apríl 2002

## AUGLÝSING frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 5. apríl 2002.*

F. h. r.

**Kristján Andri Stefánsson.**

Nr. 24

5. apríl 2002

## AUGLÝSING um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 5. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

7. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

##### 2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. A, svohljóðandi:

Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga. Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, heimilt að varðveita gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.

b. 2. mgr. sem verður 3. mgr. orðast svo:

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.**

## 4. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, sbr. 1. mgr. 1. gr., fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikning í þeim gjaldmiðli. Birtir félög ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

## 5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

## a. (11. gr. A.)

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra félagasamstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.
3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningskilavenju.
4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdra skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða félagasamstæðu fer fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

## b. (11. gr. B.)

Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.

Félag sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skv. 2. mgr. 11. gr. skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár nema það uppfylli ekki lengur skilyrði 11. gr. A.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði 11. gr. A ber því að tilkynna ársreikningaskrá um það. Að fenginni heimild ársreikningaskrár skal það færa bókhald sitt og semja ársreikning í íslenskum krónum miðað við næsta reikningsár.

Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með því að félög sem fengið hafa heimild skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði 11. gr. A, sbr. 78. gr.

Uppfylli félag ekki skilyrði 11. gr. A skal ársreikningaskrá afturkalla heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli við upphaf næsta reikningsárs. Ársreikningaskrá getur veitt félagi frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið.

## 6. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A, skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gildi þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

## 7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félög, sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning vegna reikningsársins 2002 í erlendum gjaldmiðli, hafa frest til 30. apríl 2002 til að sækja um slíka heimild.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,  
nr. 75/1981, með síðari breytingum.**

## 8. gr.

Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein, 91. gr. A, svohljóðandi:

Skýrslu lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A laga um ársreikninga, skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð, sbr. 1. mgr. 91. gr., um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum.

Fjárhæðir í greinargerð skv. 1. mgr. skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á eftirfarandi hátt:

- Tekjur og gjöld á árinu, þ.m.t. fyrningar, skulu umreiknuð í íslenskar krónur á meðal-gengi reikningsársins.
- Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi í lok viðkomandi reikningsárs.
- Gengismunur sem kann að myndast við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skv. a- og b-liðum skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

Við umreikning í starfrækslugjaldmiðil skal umreikna fyrningargrunn eigna og fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun á lokagengi þess reikningsárs og skal skattalegt stofnverð ákvarðast í samræmi við þann umreikning. Við sölu á eignarhlutum í félögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við ákvæði 2. málsl. 4. mgr. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eftir því sem við á í íslenskum krónum en söluverðið skal umreikna í íslenskar krónur á daggengi við sölu. Við sölu eignarhluta í félögum sem seljandi hefur eignast eftir 1996 skal stofnverð þeirra ákvarðað í íslenskum krónum miðað við daggengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við daggengi við sölu. Fasteignir skal telja til eignar skv. 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. og eignarhlutir í félögum skulu færðir til eignar skv. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. Hlutafé félags, sbr. 77. gr., skal fært á nafnverði í íslenskum krónum. Þegar frestaður hluti söluhagnaðar er skattlagður skal fjárhæð hans færð til tekna óbreytt í krónum talið frá því ári sem hann myndaðist. Rekstrartap frá fyrri árum skv. 8. tölul. 31. gr. skal fært til frádráttar rekstrarhagnaði ársins óbreytt í krónum talið frá því sem fram kemur í greinargerðum skv.

1. mgr. á þeim rekstrarárum er tapið myndaðist. Um skattskil lögaðila, sem byggð eru á bókhaldi og ársreikningi í erlendum gjaldmiðli, gilda að öðru leyti sömu reglur og gilda um skattskil lögaðila í íslenskum krónum.

Heimilt er lögaðila, sem færir bókhald sitt í íslenskum krónum auk bókhalds í starfrækslugjaldmiðli, að byggja greinargerð sína skv. 1. mgr. á bókhaldi í íslenskum krónum, en þá skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár.

9. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum á daggengi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, með síðari breytingum.**

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „10. apríl 2002“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ársloka 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Á eftir orðunum „þrjú ár samfellt fyrir kjördag“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

#### 2. gr.

Orðin „og staðfest af sveitarstjórn“ í 7. gr. laganna falla brott.

#### 3. gr.

Orðin „danskt, finnskt, norskt eða sænskt“ í 3. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

#### 4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.
- c. Í stað orðanna „færri en 500“ í a-lið 2. mgr. kemur: 101–500.
- d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.



## 6. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

## 7. gr.

Við 1. másl. 36. gr. laganna bætist: a.m.k. 125 g/m<sup>2</sup> að þyngd.

## 8. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í sveitarfélaginu, þegar um bundna hlutfallskosningu er að ræða, þar sem fram koma heiti stjórnmalasamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

## 9. gr.

Við 48. gr. laganna bætist: nema varamaður sé tiltækur.

## 10. gr.

50. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæðið til greina, sbr. 68. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal tölusetja í áframhaldandi röð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild, ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Í sveitarfélagi, þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

## 11. gr.

52. gr. laganna verður svohljóðandi:

Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnanna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

## 12. gr.

Í stað orðanna „Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann“ í 53. gr. laganna kemur: Áður en atkvæðagreiðsla hefst.

## 13. gr.

54. gr. laganna verður svohljóðandi:

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki framóleyfilegur kosningaráróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

## 14. gr.

Á eftir orðinu „kjörklefann“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: Þar sem kjósandinn má einn vera.

## 15. gr.

62. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.

## 16. gr.

Á undan lokamálslið 63. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill verja atkvæði sínu.

## 17. gr.

Orðin „vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi“ í 65. gr. laganna falla brott.

## 18. gr.

67. gr. laganna verður svohljóðandi:

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórn á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 68. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 50. gr.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

## 19. gr.

68. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði ef:

- a. sendandinn er ekki á kjörskrá,
- b. sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
- c. sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 51. gr.,
- d. sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- e. í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
- f. sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera,
- g. ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða
- h. atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 57. gr. og 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

## 20. gr.

71. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar atkvæðagreiðslu er slitið og gild kjörseðilsumslög hafa verið lätin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá í sérstöku umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 64. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum sem ágreiningur er um, sbr. 69. gr., og í hinu þriðja öllum þeim ónotuðu seðlum sem afgangsu eru. Þegar umslögunum hefur verið lokað skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðal-umslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðal-umslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 67. gr., í umbúðum innsigluðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

## 21. gr.

72. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar.

## 22. gr.

Við 78. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ef í umslagi með utankjörfundar-seðli er annað eða meira en einn kjörseðill.

## 23. gr.

81. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum. Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna færir yfirkjörstjórn niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

## 24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Páll Pétursson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 2002

Nr. 28

60

9. apríl 2002

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

1.–3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 30 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð.

Beiðni um að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar skal koma fram innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

3. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðinn sé frestur skv. 1. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

## 5. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfastofan getur farið fram á að einkaleyfishafi, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, tilnefni umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem hefur fyrir hans hönd heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2.–4. gr. laga þessara taka til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem 20 mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út 1. apríl 2002 eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

*Gjört í Reykjavík, 9. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Valgerður Sverrisdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 10. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Kristján Andri Stefánsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 2002

Nr. 30

62

16. apríl 2002

## LÖG

### um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Lögin gilda ekki um rafræna þjónustu sem snertir skattamálefni, vernd persónuupplýsinga, ólöglegt samráð eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja, hagsmunagæslu lögmanna fyrir dómstólum, fjárhættustarfsemi sem felst í því að leggja fram fé í áhættuleikjum og starfsemi lög-  
bókenda að því marki sem í henni felst beiting opinbers valds.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

##### 2. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Rafræn þjónusta:* Þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.
2. *Þjónustuveitandi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té rafræna þjónustu.
3. *Þjónustuþegi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér rafræna þjónustu.

#### II. KAFLI

##### Regla upprunlands.

##### 3. gr.

##### *Meginregla.*

Rafræn þjónusta sem þjónustuveitendur með staðfestu á Íslandi veita skal vera í samræmi við íslensk lög um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

Engin höft skulu vera á frelsi þjónustuveitanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu hér á landi að því er varðar lagalegar kröfur um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

Þjónustuveitandi telst hafa staðfestu í tilteknu ríki ef hann stundar þar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð.

## 4. gr.

*Almennar undantekningar frá meginreglu.*

Ákvæði 3. gr. gilda ekki um eftirfarandi:

1. rétt aðila til að semja um hvaða lög gildi um samninga þeirra,
2. samningsskyldur í tengslum við neytendasamninga,
3. formlegt gildi samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, þegar slíkir samningar eru háðir ófrávikjanlegum formkröfum samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fasteignin er,
4. höfundarétt og skyld réttindi,
5. að hvaða marki óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti eru leyfilegar,
6. útgáfu rafeyris af hálfu fyrirtækja sem veitt hefur verið undanþága skv. 8. gr. tilskipunar 2000/46/EB,
7. markaðssetningu bréfa í verðbréfasjóðum skv. 44. gr. tilskipunar 85/611/EBE, og
8. staðfesturétt og rétt til að veita tryggingaþjónustu samkvæmt tilskipun 92/49/EBE, tilskipun 92/96/EBE, tilskipun 88/357/EBE og tilskipun 90/619/EBE.

## 5. gr.

*Einstakar undantekningar frá meginreglu.*

Stjórnvöld geta í einstökum tilfellum vikið frá ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og takmarkað frjálst flæði rafrænnar þjónustu ef takmörkun er nauðsynleg til verndar:

1. almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi,
2. lífi og heilsu manna, eða
3. neytendum.

Takmarkanir skv. 1. mgr. mega því aðeins beinast að þjónustuveitanda að hann brjóti gegn þeim verndarhagsmunum sem þar eru nefndir eða að veruleg hættu sé á að hann muni brjóta gegn þeim. Takmarkanirnar skulu ekki ganga lengra en nauðsyn ber til.

Ekki er heimilt að grípa til sérstakra aðgerða skv. 1. mgr. gegn einstökum þjónustuveitendum nema aðildarríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu hafi vanrækt, þrátt fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda, að grípa til aðgerða gegn brotum eða að úrræðin hafi verið ófullnægjandi. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA og því ríki þar sem umræddur þjónustuveitandi hefur staðfestu um fyrirhugaðar aðgerðir. Þetta á þó ekki við um lögbann eða rannsókn sakamáls.

Í áriðandi málum geta stjórnvöld vikið frá ákvæðum 3. mgr. Í þeim tilvikum skal tilkynna um aðgerðirnar svo skjótt sem kostur er til Eftirlitsstofnunar EFTA og til þess aðildarríkis þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu. Í tilkynningunni skal gefið til kynna hvers vegna málið er talið áriðandi.

## III. KAFLI

**Upplýsingaskylda.**

## 6. gr.

*Almennar upplýsingar.*

Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,



4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.

Ef um lögverndað starf er að ræða skal þjónustuveitandi einnig tilgreina:

1. starfsheiti og í hvaða landi það er veitt,
2. samtök sem þjónustuveitandi eða fyrirsvarsmaður hans er skráður hjá, og
3. gildandi starfs- eða siðareglur og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær.

Ef verð er gefið upp í tengslum við rafræna þjónustu skal það gert með skýrum og ótví-  
ræðum hætti. Þegar rafrænni þjónustu er eingöngu beint að íslenskum neytendum skulu skatt-  
ar innifaldir í verði.

#### 7. gr.

##### *Upplýsingar í tengslum við markaðssetningu.*

Þjónustuveitandi skal tryggja að upplýsingar í tengslum við markaðssetningu, sem er hluti af eða myndar rafræna þjónustu, séu settar fram með þeim hætti að auðvelt sé að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem stendur að baki markaðssetningunni.

Kynning á tilboði, keppni og leik skal vera sett fram á skýran og ótvíræðan hátt. Sama gildir um skilyrði sem fullnægja þarf til að geta tekið tilboði eða tekið þátt í keppni eða leik.

### IV. KAFLI

#### **Rafrænir samningar.**

#### 8. gr.

##### *Rafrænir samningar jafngildir skriflegum.*

Ef gerð er krafa um skriflegan samning í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða með öðrum hætti er fullnægjandi að mæta þeirri kröfu með rafrænum samningi, enda sé samningurinn aðgengilegur báðum aðilum og unnt að varðveita hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um kröfur til skriflegra tilkynninga eða annarra aðgerða sem aðilar samnings þurfa að framkvæma í tengslum við samningssamband þeirra og samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða með öðrum hætti skulu vera skriflegar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samninga á sviði sifja- og erfðaréttar, stimpilskylda samninga og samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða. Þá gilda þau ekki um þinglýsingar og lögbókandagerðir.

#### 9. gr.

##### *Upplýsingaskylda við pöntun.*

Þjónustuveitandi skal veita eftirfarandi upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun:

1. hvaða tæknileg skref beri að taka til þess að ljúka samningsgerð,
2. hvort þjónustuveitandinn varðveiti gerðan samning,
3. hvort og þá hvernig samningur verði aðgengilegur,
4. um tæknilegar leiðir til þess að finna og leiðréttá innsláttarvillur áður en pöntun er gerð,
5. um þau tungumál sem unnt er að gera samninginn á, og
6. hvaða siðareglum hann fylgi og hvernig unnt sé að nálgast þær á rafrænu formi.

Ákvæði 1. mgr. eru frávikjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Þau skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

Almennir samningsskilmálar og almenn skilyrði skulu látin í té með þeim hætti að þjónustuþegi geti varðveitt þau og kallað þau fram.

#### 10. gr.

##### *Staðfesting á móttöku pöntunar.*

Þjónustuveitandi skal staðfesta móttöku pöntunar frá þjónustuþega með rafrænum hætti án tafar.

Pöntun og staðfesting telst móttækin þegar aðilarnir, sem þeim er beint til, hafa aðgang að þeim.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru frávikjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

#### 11. gr.

##### *Aðrar skyldur áður en pöntun er gerð.*

Þjónustuveitandi skal gefa þjónustuþega kost á skilvirkum og aðgengilegum tæknilegum leiðum til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð.

Ákvæði 1. mgr. eru frávikjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Þau skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

### V. KAFLI

#### **Takmörkun ábyrgðar milligönguaðila.**

#### 12. gr.

##### *Takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar.*

Þjónustuveitandi sem miðlar gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti ber ekki ábyrgð vegna miðlunar gagnanna að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

1. eigi ekki frumkvæði að miðluninni,
2. velji ekki viðtakanda þeirra gagna sem er miðlað, og
3. velji hvorki né breyti þeim gögnum sem er miðlað.

Ákvæði 1. mgr. gilda um sjálfvirka, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna sem eru flutt að því tilskildu að:

1. geymslan sé óhjákvæmileg vegna miðlunar, og
2. gögnin séu ekki geymd lengur en nauðsynlegt er vegna miðlunar.

#### 13. gr.

##### *Takmörkun ábyrgðar vegna skyndivistunar.*

Þjónustuveitandi sem miðlar gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti ber ekki ábyrgð á sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna, sem er eingöngu gerð í þeim tilgangi að auka skilvirkni við miðlun til annarra þjónustuþega, að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

1. breyti ekki gögnunum,
2. fullnægi skilyrðum um aðgang að gögnunum,
3. fari eftir viðurkenndum reglum í atvinnugreininni um uppfærslu gagnanna, og
4. grípi ekki inn í löglega notkun viðurkenndrar tækni í atvinnugreininni sem notuð er til að komast yfir upplýsingar um notkun gagnanna.

Takmörkun ábyrgðar skv. 1. mgr. er háð því að þjónustuveitandi fjarlægi eða hindri aðgang að gögnunum um leið og hann hefur fengið:

1. rökstudda vitneskju um að dómstóll eða stjórnvald hafi fyrirskipað brottfellingu eða hindrun aðgangs að gögnunum, eða
2. rökstudda vitneskju þess efnis að gögnin hafi verið fjarlægð úr fjarskiptaneti við upptök miðlunar eða að hindraður hafi verið aðgangur að þeim þar.

#### 14. gr.

##### *Takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar.*

Þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægi þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið:

1. vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim,
2. tilkynningu skv. 15. gr., ef um meint brot gegn ákvæðum höfundalaga er að ræða, eða
3. vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám.

Ákvæði 1. mgr. um takmörkun ábyrgðar gildir ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda.

#### 15. gr.

##### *Tilkynning til þjónustuveitanda.*

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innihalda:

1. nafn sendanda, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við sendanda,
2. nafn rétthafa, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við rétthafa,
3. tilgreiningu og staðsetningu þeirra gagna sem krafist er að felld verði brott eða komið í veg fyrir aðgang að,
4. tilgreiningu hugverks eða listflutnings sem er grundvöllur kröfu,
5. yfirlýsingu um að upplýsingar í tilkynningu séu réttar,
6. yfirlýsingu um að sendandi sé rétthafi eða hafi umboð frá rétthafa, og
7. undirskrift sendanda.

Séu verulegir annmarkar á tilkynningu skv. 1. mgr. ber þjónustuveitanda ekki að bregðast við henni. Ef annmarkar tilkynningar eru einungis minni háttar skal þjónustuveitandi án tafar gefa sendanda tækifæri til að bæta þar úr. Verði sendandi ekki við þeim tilmælum hefur tilkynningin ekki áhrif á ábyrgð þjónustuveitanda.

#### 16. gr.

##### *Tilkynning til þjónustuþega.*

Þjónustuveitandi skal tilkynna þjónustuþega um brottfellingu gagna eða hindrun aðgangs að gögnum í samræmi við 14. gr. um leið og hún fer fram og senda honum afrit tilkynningar

skv. 15. gr. Skal hann þá einnig tilkynna þjónustuþega um rétt hans til að senda gagntilkynningu skv. 17. gr.

## 17. gr.

*Aðgangur veittur að gögnum á ný.*

Telji þjónustuþegi brottfellingu eða hindrun aðgangs að gögnum ekki eiga við rök að styðjast er honum unnt að krefjast þess af þjónustuveitanda að veittur verði aðgangur að gögnum á ný. Slikt skal gert með gagntilkynningu sem geymir:

1. nafn þjónustuþega, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera kleift að komast í samband við hann,
2. málavexti og rök fyrir kröfum þjónustuþega,
3. tilgreiningu gagna sem krafist er að veittur verði aðgangur að og staðsetningu þeirra, og
4. undirskrift þjónustuþega.

Fái þjónustuveitandi gagntilkynningu, sem ekki eru verulegir annmarkar á, skal hann tilkynna sendanda tilkynningar skv. 15. gr. um kröfuna án tafar og senda honum afrit gagntilkynningar. Skal honum einnig tilkynnt að aðgangur verði veittur að gögnum á ný, nema fram komi upplýsingar innan tveggja vikna um höfðun dómsmáls vegna málsins. Berist þjónustuveitanda ekki vitneskja um höfðun dómsmáls vegna málsins innan tveggja vikna frá sendingu tilkynningar samkvæmt þessari málsgrein skal hann verða við kröfu um aðgang að gögnum á ný án tafar.

Séu verulegir annmarkar á kröfu skv. 1. mgr. ber þjónustuveitanda ekki að bregðast við henni. Ef annmarkar kröfu eru einungis minni háttar skal þjónustuveitandi gefa sendanda tækifæri til að bæta þar úr.

## 18. gr.

*Skaðabótaábyrgð.*

Nú kemst dómstóll að þeirri niðurstöðu að brottfelling gagna eða hindrun aðgangs að þeim hafi ekki verið réttmæt og skal þá sá sem fór fram á brottfellingu eða hindrun bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má að brottfellingin eða hindrunin hafi valdið. Sama gildir gagnvart þeim sem krafist hefur að aðgangur verði veittur að gögnum á ný ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að sú aðgerð hafi ekki verið réttmæt. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

## VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 19. gr.

*Eftirlit.*

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með að farið sé eftir 6.–7. gr. og 9.–11. gr. laga þessara. Ef brotið er gegn ákvæðum þessum gilda ákvæði samkeppnislaga um úrræði samkeppnisyrivalda, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

## 20. gr.

*Tengiliður.*

Viðskiptaráðuneytið skal vera tengiliður vegna samstarfs við önnur aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu um rafræn viðskipti. Þá skal viðskiptaráðuneytið vera tengiliður þar sem

þjónustuþegar og þjónustuveitendur geta aflað sér almennra upplýsinga um rafræna þjónustu, þar á meðal um samningsréttindi og samningsskyldur, úrræði í deilumálum og upplýsingar um stjórnvöld, samtök eða stofnanir sem geta veitt frekari upplýsingar. Ráðuneytið getur falið öðrum aðilum að vera tengiliður samkvæmt ákvæði þessu eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

## 21. gr.

*Innleiðing.*

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til þess að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“). Lög þessi hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna.

## 22. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 23. gr.

*Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.*

Við 4. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.

## 24. gr.

*Breyting á lækna­lögum, nr. 53/1988.*

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læk­nastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

## 25. gr.

*Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985.*

11. gr. laganna orðast svo:

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæk­nar. Við opnun tannlæk­nastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafn­skjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Endurskoða skal ákvæði 19. gr. laga þessara þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku þeirra með hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess.

*Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 16. apríl 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 2002

Nr. 32

70

16. apríl 2002

## LÖG

### um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur einnig afmarkað almennan reit í kirkjugarði, þar sem ösku látinna verði komið fyrir, án þess að grafarnúmers sé getið, en nöfn hinna látnu skulu færð í legstaðaskrá, sbr. 1. mgr. 27. gr.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu.

2. gr.

Í stað orðsins „Utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Skráðum trúfélögum.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Í því eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, þjóðminjavörður eða fulltrúi hans, einn fulltrúi tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi kosinn af kirkjuþingi. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Biskup Íslands eða fulltrúi hans skal vera formaður kirkjugarðaráðs. Ef atkvæði falla jöfn í ráðinu ræður atkvæði biskups.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf kirkjugarðaráðs, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs og fer með málefni hans, sbr. 40. gr.

## 4. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kirkjugarðaráð setur viðmiðunarreglur í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur hvað felst í skyldu sveitarfélaga til að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu.

## 5. gr.

Í stað orðanna „skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 2. mgr. 16. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. og 3. mgr. 27. gr., 2. mgr. 28. gr., 1. og 4. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 36. gr., 1. mgr. 43. gr., 2. mgr. 50. gr. og 51. gr. laganna kemur, í viðeigandi falli: kirkjugarðaráð; og í stað orðsins „hennar“ í 16. gr. laganna kemur: þess.

## 6. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

## 7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfarar-kirkjur, en því aðeins að tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðherra setur reglur um fjárstuðning kirkjugarðsstjórna í þessum efnum.

## 8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist nýr málslíður, 1. másl., svohljóðandi: Grafstæði í kirkjugörðum skal vera 2,50 x 1,20 metrar og grafstæði duftkera 0,75 x 0,75 metrar.

## 9. gr.

1. másl. 34. gr. laganna orðast svo: Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það vandlega kynnt almenningi með auglýsingu tvisvar sinnum í dagblöðum eða í staðbundnum blöðum er koma reglubundið út.

## 10. gr.

Barnaverndarstofa getur auk þess krafðið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem tilefni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal

gera sveitarstjórn og félagsmálaráðuneyti aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

9. gr.

*Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.*

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

III. KAFLI

**Barnaverndarnefndir.**

10. gr.

*Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.*

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

Sveitarstjórn kys barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1.500.

Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

*Skipan barnaverndarnefndar.*

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur félagsmálaráðherra áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveð-



ið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. málsl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1.500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### 12. gr.

##### *Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.*

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

#### 13. gr.

##### *Sjálfstæði barnaverndarnefnda.*

Sveitarstjórnnum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

#### 14. gr.

##### *Starfslið barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

## 15. gr.

*Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.*

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sin í milli. Ef ágreiningur rís á milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

## IV. KAFLI

**Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.**

## 16. gr.

*Tilkynningarskylda almennings.*

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

## 17. gr.

*Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

## 18. gr.

*Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.*

Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeiddisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Um skýrslutökur af börnum sem brotþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

## 19. gr.

*Nafnleynd tilkynnanda.*

Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

## 20. gr.

*Samstarf við barnaverndaryfirvöld.*

Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.

Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

## V. KAFLI

**Upphaf barnaverndarmáls.**

## 21. gr.

*Málsmeðferð vegna tilkynninga.*

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess,

skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla er hvorki kæránleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

## 22. gr.

### *Markmið könnunar máls.*

Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

## VI. KAFLI

### **Ráðstafanir barnaverndarnefnda.**

## 23. gr.

### *Áætlun um meðferð máls.*

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum.

Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

#### 24. gr.

##### *Úrræði með samþykki foreldra.*

Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

- a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
- b. stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
- c. útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
- d. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
- e. aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldranna sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársamnings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

#### 25. gr.

##### *Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.*

Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

- a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða.

Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

#### 26. gr.

##### *Úrræði án samþykkis foreldra.*

Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

- a. kveðið á um eftirlit með heimili,
- b. gefið fyriræli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,
- c. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Úrskurðir eru kærnanlegir til kærnefndar barnaverndarmála.

#### 27. gr.

##### *Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.*

Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

- a. kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,
- b. kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í föstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera við-eigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

#### 28. gr.

##### *Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.*

Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn.

Ef krafist er framlengingar slíkrar vistunar eða krafist er forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

#### 29. gr.

##### *Forsjársvipting.*

Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

- a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
- b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,
- c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
- d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

### 30. gr.

#### *Úrræði barnaverndarnefndar vegna þunguðra kvenna.*

Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með lífernri sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.

Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

### 31. gr.

#### *Neyðarráðstafanir.*

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og kveða upp úrskurð innan 14 daga, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi. Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

### 32. gr.

#### *Skipan lögráðamanns.*

Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.

Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

### 33. gr.

#### *Umsjá barns sem vistast utan heimilis.*

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um tryggja umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

## 34. gr.

*Endurskoðun ráðstafana.*

Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fösturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkst eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

## VII. KAFLI

**Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.**

## 35. gr.

*Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.*

Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

## 36. gr.

*Upplýsingar úr sakaskrá.*

Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðom fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsíðom vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómsundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr., að fengnu samþykki hans.



## 37. gr.

*Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.*

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.

## VIII. KAFLI

**Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.**

## 38. gr.

*Gildissvið stjórnýslulaga.*

Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnýslulaga með þeim frávikum sem greinin í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlana og um stuðningsúrræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

## 39. gr.

*Skráning mála.*

Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

## 40. gr.

*Leiðbeiningarskylda.*

Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

## 41. gr.

*Rannsóknarregla, málshraði o.fl.*

Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

## 42. gr.

*Skráning upplýsinga.*

Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

## 43. gr.

*Rannsóknarheimildir.*

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýrtruðu nærgætni.

Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.

## 44. gr.

*Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.*

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

## 45. gr.

*Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.*

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggji þeir trúnað.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

## 46. gr.

*Réttindi barns við málsmeðferð.*

Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Jafnan skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

## 47. gr.

*Andmælaregla.*

Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

## 48. gr.

*Samþykki foreldra og barns.*

Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

## 49. gr.

*Ályktunarhæfi og form úrskurða.*

Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

## 50. gr.

*Fullnusta ákvarðana.*

Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

Ef aðilar neita að hlýðnast lögætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

#### IX. KAFLI

##### **Málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.**

51. gr.

*Málskot.*

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Kærunefnd barnaverndarmála skal innan tveggja vikna frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

52. gr.

*Málsmeðferð fyrir kærunefnd.*

Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir kærunefnd. Skal málflutningur að jafnaði vera skriflegur en kærunefnd getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málflutning fyrir nefndinni.

Kærunefnd skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. Kærunefnd kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða sérfræðinga.

Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

#### X. KAFLI

##### **Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.**

53. gr.

*Gildissvið laga um meðferð einkamála.*

Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

## 54. gr.

*Um sérfróða meðdómsmenn, þinghöld og málshraða.*

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Um sérfróða meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála.

Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

Hraða ber meðferð máls svo sem kostur er.

## 55. gr.

*Aðild barns.*

Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Ávallt skal gefa barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar þótt það gerist ekki aðili þess skv. 1. mgr.

## 56. gr.

*Sönnun og sönnunargögn.*

Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar forsjar skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fösturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.

## 57. gr.

*Málsástæður.*

Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

## 58. gr.

*Um nafnleynd o.fl.*

Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

## 59. gr.

*Áhrif málskots.*

Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

## 60. gr.

*Gjafsókn.*

Foreldrar, fösturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

#### XI. KAFLI

#### **Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.**

61. gr.

*Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.*

Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. gildir ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

62. gr.

*Aðild og kröfugerð.*

Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili.

Sá sem ber mál undir dóm samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal beina því til héraðsdómara í umdæmi þeirrar barnaverndarnefndar sem fer með mál. Skal gera það skriflega og greina svo glöggst sem verða má:

- a. nafn barns og foreldra, kennitölu,
- b. lögheimili og dvalarstað,
- c. hvaða kröfur séu gerðar,
- d. lýsingu málsatvika og rökstuðning fyrir kröfum.

63. gr.

*Þinghöld, sönnunargögn o.fl.*

Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds svo fljótt sem verða má og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita stuttan frest til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Heimilt er dómara að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.

Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega.

Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

64. gr.

*Málskot.*

Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir.

## XII. KAFLI

**Um ráðstöfun barna í föstur.**

65. gr.

*Fóstur.*

Með föstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fösturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar:

- a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja föstur,
- b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,
- c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu föstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fösturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt föstur fyrir en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

Markmið fösturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fösturforeldrum og þeir skulu sýna föstur barni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fösturforeldris í föstursamningi.

Ef barn, sem ráðstafað er í föstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fösturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

66. gr.

*Leyfisveiting.*

Þeir sem óska eftir að taka barn í föstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í föstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð.

Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í föstur. Barnaverndarstofa veitir væntanlegum fösturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og annan faglegan stuðning.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í föstur.

67. gr.

*Val á fösturforeldrum.*

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fösturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í föstur.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Telji barnaverndarnefnd það falla best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fer um það skv. 66. gr. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 4. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu líta háð samþykki Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

#### 68. gr.

##### *Fóstursamningur.*

Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

- a. lögheimili barns og daglega umsjá,
- b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,
- c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr.,
- d. framfærslu barns og annan kostnað,
- e. umgengni barns við kynforeldra eða aðra nákomna,
- f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,
- g. slit samnings vegna breyttra forsendna,
- h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr., þegar það á við,
- i. annað sem málið kann að varða.

#### 69. gr.

##### *Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.*

Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fósturi er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

#### 70. gr.

##### *Réttindi barns í fósturi.*

Barn á rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem því eru nákomnir samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 74. gr. enda samrýmist það hagsmunum þess.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir.

Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.



## 71. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmunum barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Barnaverndarnefnd metur hæfi þess foreldris og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Áður en barni er ráðstafað í föstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

## 72. gr.

*Undirbúningur barns og fösturforeldra fyrir föstur.*

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt föstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í föstur ber á sama hátt, áður en föstur hefst, að undirbúa fösturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

## 73. gr.

*Tilkynningar um gerð föstursamnings.*

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð föstursamnings og lok fösturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð föstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í föstri.

## 74. gr.

*Umgengni í föstri.*

Barn á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í föstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í föstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi föstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við ráðstöfun barns í föstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Kanna skal viðhorf fösturforeldra áður en gengið er frá samningi.

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögnum.

##### 2. gr.

##### *Tilgangur.*

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögnum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

##### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.
3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi:* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
7. *Búsetuleyfi:* Leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga.

8. *Útlendingur*: Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
9. *Nánustu aðstandendur*: Maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og ættmenni útlendinga eða maka að feðgatali.

## 4. gr.

*Framkvæmd laganna.*

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögnum og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Vinumálastofnun fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

## II. KAFLI

**Atvinnuleyfi.**

## 5. gr.

*Almennt.*

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Vinumálastofnun skal gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

## 6. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem dvelst hér á landi án dvalarleyfis eða hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um útlendinga. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt og útlendingurinn dvelst í landinu á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga má veita honum tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

## 7. gr.

*Tímabundið atvinnuleyfi.*

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

- a. Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en atvinnuleyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar.
- b. Að fyrir liggja umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands. Umsögn skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi. Þó er heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.

- c. Að fyrir liggja undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggir starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.
- e. Að atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum ef starfsmaður verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi komi fram til hvaða lands heimflutningur nær.
- f. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendinga sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendinga, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendinga, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Skilyrði er að áður hafi útlendingi verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

#### 8. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngnirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi.

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn, enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–liðum 1. mgr. 7. gr.

Hafi ríki gert samning við Ísland um atvinnuréttindi er heimilt að veita útlendingi frá því ríki atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hið sama gildir ef ríki er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

#### 9. gr.

##### *Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.*

Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

#### 10. gr.

##### *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.*

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–f-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

#### 11. gr.

##### *Óbundið atvinnuleyfi.*

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

- a. að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár,
- b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,
- c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendingis sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

Víkja má frá skilyrði c-liðar 1. mgr. ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, óbundið atvinnuleyfi.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur lögheimili hérlandis.

#### 12. gr.

##### *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.*

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að fram­lengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, þ.m.t. hámarksvinnu­stundafjölda.

#### 13. gr.

##### *Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.*

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnu-



tími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar og önnur hlunnindi.

Vinnumálastofnun skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr.

Nánar skal kveða á um skilyrði þessa ákvæðis í reglugerð.

### III. KAFLI

#### Undanþáguákvæði.

##### 14. gr.

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

- a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.
- b. Útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- c. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
- d. Erlendir makar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að 18 ára aldri.
- e. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

##### 15. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

- a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
- b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. lög nr. 66/2000.
- c. Íþróttáþjálfarar.
- d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlandis.
- e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
- f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
- g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

## IV. KAFLI

**Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.**

## 16. gr.

*Afturköllun.*

Vinumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

## 17. gr.

*Refsiákvæði.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

- af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða
- af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

- af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendinga sem ekki hefur atvinnuleyfi samkvæmt lögunum,
- af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendinga,
- af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í atvinnuskyni,
- í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að stunda atvinnu án tilskilinna leyfa.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

## 18. gr.

*Heimflutningur.*

Sá sem hefur milligöngu um að útlendingur flytjist til landsins í atvinnuskyni án tilskilinna leyfa, sbr. b- og c-lið 2. mgr. 17. gr., skal greiða allan kostnað við að flytja útlending úr landi.

## V. KAFLI

**Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.**

## 19. gr.

*Samráðsnefnd.*

Vinumálastofnun og Útlendingastofnun skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd vegna framkvæmdar laga þessara.

Samráðsnefndin skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor stofnunin tvo menn í nefndina. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár. Samráðsnefndin velur formann úr hópi nefndarmanna. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

#### 20. gr.

Vinumálastofnun skal tilkynna allar atvinnuleyfisveitingar og synjanir til Útlendingastofnunar.

Útlendingastofnun skal í samráði við Vinnumálastofnun gefa út skírteini þar sem m.a. komi fram upplýsingar um dvalarleyfi og réttindi útlendingsins til að stunda vinnu á Íslandi. Þar skulu einnig vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

### VI. KAFLI

#### Málsmeðferð.

##### 21. gr.

##### *Almennar reglur um málsmeðferð.*

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

##### 22. gr.

##### *Málshraði.*

Vinumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðunar er að vænta.

##### 23. gr.

##### *Leiðbeiningarskylda.*

Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kæruheimild skv. 24. gr. laganna.

##### 24. gr.

##### *Kæruheimild.*

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Nú vill umsækjandi nýta sér kæruheimild og er kærufrestur fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

### VII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði og gildistaka.

##### 25. gr.

##### *Samstarfsnefnd.*

Félagsmálaráðherra skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Samstarfsnefndin skal kölluð saman:

- a. vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa,
- b. þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga.

*Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

*Hollustuvernd* tekur til eftirlits með matvælum, fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til mannelðismála.

2. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Til þess að stuðla að framkvæmd hollustuverndar setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. útgáfu og efni starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein,
2. umgengi og þrifnað utan húss,
3. meindýravarnir og eyðingu meindýra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra,
5. þátttöku heilbrigðisnefnda í öryggismálum og sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
6. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
7. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
8. íbúðarhúsnæði,
9. starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
10. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði, fjallaskála, frístundahúsasvæði, tjald- og hjólhýsasvæði,
11. skóla og aðra kennslustaði,
12. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, húðflúrsstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur og stofur þar sem fram fer húðgötun og húðrof,
13. leikskóla, leikvelli, daggæslu í heimahúsum og önnur heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga,
14. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,

15. íþróttastöðvar, íþróttasvæði, íþróttahús, almenningsسالerni, sundstaði, baðhús, gufubaðsstofur, sólbaðsstofur og almenna baðstaði, baðvatn og þess háttar,
16. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,
17. samkomustaði og samkomuhús, þar á meðal kirkjur og söfn,
18. samgöngumiðstöðvar, farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og þess háttar,
19. verslunarmiðstöðvar,
20. verslanir sem selja vörur er innihalda fegrunar- og snyrtiefni, hættuleg efni og eiturefni,
21. dýraspítala, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýrasýningar, dýragæslustaði, gæludýra- verslanir, hestaleigur og reiðskóla,
22. garðaúðun,
23. önnur sambærileg atriði.

### 3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögum þessum skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um framkvæmd hollustuverndar.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

### 4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skal hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Krafist skal bestu fánlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefni“ í 1. málsli. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu á viðkomandi eftirlitssvæði, tilnefndur af landlækni.
- b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. og 3. málsli. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu.

## 6. gr.

Við 4. málsli. 19. gr. laganna bætist: sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

## 7. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Allar olúbirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.

## 8. gr.

Við fylgiskjal I við lögina bætist nýr töluliður, 24. tölul., svohljóðandi: Olúbirgðastöðvar.

## 9. gr.

Við lögina bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

### Starfsemi sem skal hafa starfsleyfi skv. 4. gr. a, gefið út af heilbrigðisnefnd.

Akstursíþróttasvæði.

Almenningssalerni.

Baðstofur og gufubaðsstofur.

Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri.

Dvalarheimili.

Dýragæsla.

Dýralæknastofur.

Dýrasnyrtistofur.

Dýraspítalar.

Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar.

Fangelsi og fangagæsla.

Fjallaskálar, nema sæluhús.

Fótaaðgerðarstofur og fótisnyrtistofur.

Fristundahúsasvæði.

Garðaúðun.

Gististaðir.

Gæludýraverslanir.

Gæsluvellir og opin leiksvæði.

Götuleikhús og tívolí.

Hársnyrtistofur.

Heilsugæslustöðvar.

Heilsuræktarstöðvar.

Heimili og stofnanir fyrir börn og unginga, með sex börn eða fleiri.

Hestaleigur og reiðskólar.

Húðflúrstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.

Íþróttahús.

Íþróttamiðstöðvar.

Íþróttavellir.

Kírópraktorar.

Leikskólar.

Læknastofur.

Meindýravarnir.

Nálastungustofur.

Nuddstofur.

Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.

Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki.

Samkomuhús.

Sjúkrahús.

Sjúkrastofnanir.

Sjúkraþjálfun.

Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna.

Snyrtistofur.

Sólbaðsstofur.

Starfsmannabúðir.

Starfsmannabústaðir.

Sundstaðir.

Tannlæknastofur.

Tjald- og hjólhýsasvæði.

Útihátíðir.

Veitingastaðir.

Verslunarmiðstöðvar.

Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Vöruflutningamiðstöðvar.

Önnur sambærileg starfsemi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Siv Friðleifsdóttir.***LÖG****um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsíabyrg lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.**

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/2001, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

2. gr.

Á eftir 100. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 100. gr. a – 100. gr. c, svohljóðandi:

a. (100. gr. a.)

Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum, þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega:

1. manndráp skv. 211. gr.,
2. líkamsárás skv. 218. gr.,
3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,
4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannlífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,
5. flugrán skv. 2. mgr. 165. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 165. gr.,



6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skippreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farara eða flutningatækja skv. 1. mgr. 165. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, skv. 1. mgr. 171. gr.

Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.

b. (100. gr. b.)

Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

c. (100. gr. c.)

Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144 22. desember 1998.**

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.**

## III. KAFLI

### **Gildistaka.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 22 – 2002

10. maí 2002

289

Nr. 100

## LOKAFJÁRLÖG

fyrir árið 1998.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1998 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins.....	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti.....	0,1	0,1
Menntamálaráðuneyti.....	-34,7	-26,0
Utanríkisráðuneyti.....	7,0	-5,0
Landbúnaðarráðuneyti.....	24,4	-174,3
Sjávarútvegsráðuneyti.....	-0,9	57,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.....	-3,7	-3,7
Félagsmálaráðuneyti.....	-426,2	-426,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	3,3	3,3
Fjármálaráðuneyti.....	15,3	15,3
Samgönguráðuneyti.....	-160,0	-160,0
Iðnaðarráðuneyti.....	51,5	42,9
Viðskiptaráðuneyti.....	42,5	38,9
Hagstofa Íslands.....	39,8	39,8
Umhverfisráðuneyti.....	-2,0	-5,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs.....	0,0	0,0
<b>Samtals</b> .....	<b>-443,6</b>	<b>-602,6</b>

## Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

### 2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1998 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins.....	-12,8	-12,8
Forsætisráðuneyti .....	-3,0	-3,0
Menntamálaráðuneyti.....	9,9	9,9
Utanríkisráðuneyti.....	27,7	27,7
Landbúnaðarráðuneyti .....	50,5	50,5
Sjávarútvegsráðuneyti .....	18,8	18,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	-34,8	-34,8
Félagsmálaráðuneyti .....	90,6	-371,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	366,4	480,8
Fjármálaráðuneyti .....	-10.018,7	-374,9
Samgönguráðuneyti .....	-49,2	-49,2
Iðnaðarráðuneyti .....	-96,2	-96,2
Viðskiptaráðuneyti .....	0,7	-2,3
Hagstofa Íslands.....	0,0	0,0
Umhverfissráðuneyti .....	25,7	-89,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs.....	-164,0	-2.232,9
<b>Samtals .....</b>	<b>-9.788,4</b>	<b>-2.679,7</b>

### 3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. tölul. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

Í stað orðanna “allt að 16.500 m.kr., í lið 3.3 kemur: allt að 19.500 m.kr.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 1998 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

## Sundurliðun 1

**Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna****01 Forsætisráðuneyti****01-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.42 Grænlandssjóður ..... -2,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,0

**01-211 Þjóðhagsstofnun**

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðhagsstofnun ..... 2,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 2,1

**01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 0,1****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 0,1****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 02 Menntamálaráðuneyti

### 02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:

1.05 Aðrar stofnanir og verkefni ..... -1,4

Stofnkostnaður:

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup ..... -61,2

**Gjöld samtals** ..... **-62,6**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -62,6

### 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... -2,8

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,8

### 02-236 Vísindasjóður

Stofnkostnaður:

6.60 Vísindasjóður ..... 11,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 11,4

### 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:

1.11 Sáttmálasjóður ..... 3,7

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 3,7

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:

1.15 Prófkostnaður ..... -0,4

m.kr.

Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-0,4

**02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands**

Almennur rekstur:	
1.02 Annað en kennsla .....	7,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	7,5

**02-804 Kvikmyndaskoðun**

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun .....	-1,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-1,0

**02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana .....	-30,9
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-30,9

**02-971 Ríkisútvarpið**

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld .....	38,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	38,2

**02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands .....	-3,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	5,2
Viðskiptahreyfingar .....	-8,7

m.kr.

**02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva**

Almennur rekstur:

1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva ..... -17,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -17,0

**02-976 Menningarsjóður**

Almennur rekstur:

1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 ..... -5,6

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,6

**02-982 Listir, framlög**

Almennur rekstur:

1.51 Höfundaréttarsjóður ..... 34,0

1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiráttargjald ..... -2,2

1.76 Menningarsjóður félagsheimila ..... -3,5

Almennur rekstur samtals ..... 28,3

**Gjöld samtals ..... 28,3**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 28,3

**02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -34,7****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... -26,0****Viðskiptahreyfingar ..... -8,7**

### 03 Utanríkisráðuneyti

#### 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.02 Varnarmálaskrifstofa ..... 9,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 9,0

#### 03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ..... -1,3

1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli ..... 8,3

Almennur rekstur samtals ..... 7,0

**Gjöld samtals ..... 7,0**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 7,0

#### 03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:

1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli ..... -11,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -11,4

#### 03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:

1.10 Útflutningsráð Íslands ..... 2,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -9,6

Viðskiptahreyfingar ..... 12,0

**03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 7,0**

**Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0**

**Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 12,0**



## 04 Landbúnaðarráðuneyti

### 04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum .....	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-2,0

### 04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....	-0,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-0,4

### 04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir .....	-1,4
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum .....	-11,9
Almennur rekstur samtals .....	-13,3
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-13,3</b>
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-13,3

### 04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins .....	-1,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-1,2

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk .....	90,6

m.kr.

Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	90,6

**04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins**

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins .....	-59,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-112,0
Viðskiptahreyfingar .....	52,8

**04-818 Búnaðarsjóður**

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður .....	-1,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-43,7
Viðskiptahreyfingar .....	42,3

**04-823 Lánasjóður landbúnaðarins**

Stofnkostnaður:	
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins .....	27,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-32,3
Viðskiptahreyfingar .....	59,5

**04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara**

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara .....	-3,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-37,8
Viðskiptahreyfingar .....	34,6

m.kr.

**04-826 Stofnverndarsjóður búfjár**

Almennur rekstur:

1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -1,7

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,7

**04-827 Fóðursjóður**

Almennur rekstur:

1.10 Fóðursjóður ..... -41,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -52,4

Viðskiptahreyfingar ..... 11,1

**04-829 Útflutningsgjald á hross**

Almennur rekstur:

1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -7,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,7

Viðskiptahreyfingar ..... -1,6

**04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**

Stofnkostnaður:

6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ..... 36,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 36,3

**04-843 Fiskræktarsjóður**

Almennur rekstur:

1.10 Fiskræktarsjóður ..... 1,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 1,3

m.kr.

<b>04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>24,4</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum</b> .....	<b>-174,3</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>198,7</b>

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

### 05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:

1.01 Fiskistofa .....	25,1
1.10 Landamærastöðvar .....	-3,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum .....	-4,0
Almennur rekstur samtals .....	18,1

**Gjöld samtals .....** **18,1**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum .....	18,1
-------------------------------	------

### 05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:

1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla .....	-7,8
--	------

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum .....	-7,8
-------------------------------	------

### 05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:

1.01 Kvótaþing .....	-2,5
----------------------	------

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum .....	-2,5
-------------------------------	------

### 05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:

6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins .....	-5,0
--	------

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum .....	53,7
Viðskiptahreyfingar .....	-58,7

m.kr.

**05-818 Síldarútvegsnefnd**

Almennur rekstur:

1.10 Síldarútvegsnefnd ..... -3,7

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,7

**05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -0,9****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 57,8****Viðskiptahreyfingar ..... -58,7**

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti****06-105 Lögbirtingablað**

Almennur rekstur:

1.01 Lögbirtingablað ..... -4,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -4,1

**06-303 Ríkislögreglustjóri**

Almennur rekstur:

1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -0,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,1

**06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík ..... 3,8

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 3,8

**06-331 Umferðarráð**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 1,5

1.10 Ökunám ..... -4,8

Almennur rekstur samtals ..... -3,3

**Gjöld samtals ..... -3,3**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,3

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -3,7****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,7****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 07 Félagsmálaráðuneyti

### 07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:

6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla ..... -24,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -24,3

### 07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Vinnueftirlit ríkisins ..... 39,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 39,4

### 07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... -100,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

### 07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... 43,7

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 43,7

### 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:

1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -370,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0



m.kr.

**07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga .....	-15,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-15,0
<b>07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-426,2</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum .....</b>	<b>-426,2</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

m.kr.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti****08-208 Slysstryggingar**

Almennur rekstur:

1.15 Bætur til framfærslu ..... 169,2

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 169,2

**08-327 Geislavarnir ríkisins**

Almennur rekstur:

1.01 Geislavarnir ríkisins ..... 1,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 1,1

**08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**

Almennur rekstur:

1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur ..... -100,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

**08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**

Stofnkostnaður:

6.01 Stofnkostnaður og endurbætur ..... -48,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -48,4

**08-395 Lyfjæftirlit ríkisins**

Almennur rekstur:

1.01 Lyfjæftirlit ríkisins ..... -1,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,0

m.kr.

**08-396 Lyfjanefnd**

Almennur rekstur:

1.01 Lyfjanefnd ..... -11,2

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -11,2

**08-621 Forvarnasjóður**

Almennur rekstur:

1.90 Forvarnasjóður ..... -6,4

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -6,4

<b>08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>3,3</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum</b> .....	<b>3,3</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

m.kr.

**09 Fjármálaráðuneyti****09-262 Tollstjórinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:

1.01 Tollstjórinn í Reykjavík ..... 10,5

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 10,5

**09-402 Fasteignamat ríkisins**

Almennur rekstur:

1.01 Fasteignamat ríkisins ..... 109,8

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 109,8

**09-971 Ríkisábyrgðir**

Stofnkostnaður:

6.01 Ríkisábyrgðir ..... -105,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -105,0

**09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 15,3****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 15,3****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**10 Samgönguráðuneyti****10-211 Vegagerðin**

Stofnkostnaður:

6.10 Nýframkvæmdir ..... -19,3

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -19,3

**10-335 Siglingastofnun Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... -13,5

Stofnkostnaður:

6.70 Hafnamannvirki ..... -16,9

**Gjöld samtals** ..... **-30,4**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -30,4

**10-471 Flugmálastjórn**

Almennur rekstur:

1.01 Flugmálastjórn ..... -5,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,0

**10-472 Flugvellir**

Almennur rekstur:

1.01 Rekstur flugvalla ..... -51,8

Stofnkostnaður:

6.80 Flugvellir, framkvæmdir ..... -17,9

**Gjöld samtals** ..... **-69,7**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -69,7

m.kr.

**10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**

Almennur rekstur:

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin ..... -35,6

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -35,6

**10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -160,0**

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -160,0

Viðskiptahreyfingar ..... 0,0

**11 Iðnaðarráðuneyti****11-102 Einkaleyfastofan**

Almennur rekstur:

1.01 Einkaleyfastofan ..... 33,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 33,0

**11-245 Samtök iðnaðarins**

Almennur rekstur:

1.10 Samtök iðnaðarins ..... 17,0

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 8,4

Viðskiptahreyfingar ..... 8,6

**11-299 Iðja og iðnaður, framlög**

Almennur rekstur:

1.19 Staðlaráð ..... 1,5

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 1,5

**11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur. .... 51,5****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 42,9****Viðskiptahreyfingar ..... 8,6**

## 12 Viðskiptaráðuneyti

### 12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Icepro-nefnd .....	0,7
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	0,7

### 12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa .....	18,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	18,5

### 12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Vátryggingaeftirlitið .....	-2,3
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-2,3

### 12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara .....	19,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	15,6
Viðskiptahreyfingar .....	3,6

### 12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður sements .....	6,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	6,4



	m.kr.
<b>12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>42,5</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum</b> .....	<b>38,9</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>3,6</b>

m.kr.

## 13 Hagstofa Íslands

### 13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 6,4

1.50 Þjóðskráin ..... 33,4

Almennur rekstur samtals ..... 39,8

**Gjöld samtals ..... 39,8**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 39,8

**13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur ..... 39,8**

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 39,8

Viðskiptahreyfingar ..... 0,0

## 14 Umhverfisiráðuneyti

### 14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri .....	-0,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-0,2

### 14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð .....	4,3
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	4,3

### 14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins .....	-3,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-3,1

### 14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna .....	-89,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	-89,4

### 14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald .....	12,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum .....	8,5
Viðskiptahreyfingar .....	3,5

m.kr.

**14-301 Skipulagsstofnun**

Almennur rekstur:

1.01 Skipulagsstofnun ..... 7,6

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 7,6

**14-310 Landmælingar Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Landmælingar Íslands ..... -0,7

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,7

**14-381 Ofanflóðasjóður**

Stofnkostnaður:

6.60 Ofanflóðasjóður ..... 67,5

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... 67,5

**14 Umhverfissráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -2,0****Greitt úr ríkissjóði ..... 0,0****Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,5****Viðskiptahreyfingar ..... 3,5**

## Sundurliðun 2

**Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta****00 Æðsta stjórn ríkisins****00-301 Ríkisstjórn**

Almennur rekstur:

1.01 Ríkisstjórn ..... -6,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -6,3

**00-401 Hæstiréttur**

Almennur rekstur:

1.01 Hæstiréttur ..... -6,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -6,5

**00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur ..... -12,8****Greitt úr ríkissjóði ..... -12,8****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

**01 Forsætisráðuneyti****01-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:	
1.91 Heimssýning í Lissabon .....	-14,3
Sértekjur:	
Sértekjur .....	13,0
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-1,3</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-1,3

**01-901 Húsameistari ríkisins**

Almennur rekstur:	
1.01 Húsameistari ríkisins .....	-1,8
Sértekjur:	
Sértekjur .....	0,1
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-1,7</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-1,7

<b>01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-3,0</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>-3,0</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

**02 Menntamálaráðuneyti****02-319 Framhaldsskólar, almennt**

Almennur rekstur:

1.25 Nám flugvirkja í Svíþjóð ..... 6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... -0,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -0,7

**02-985 Alþjóðleg samskipti**

Almennur rekstur:

1.91 Aðildargjöld ESB ..... 4,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 4,6

**02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 9,9****Greitt úr ríkissjóði ..... 9,9****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

### 03 Utanríkisráðuneyti

#### 03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi .....	2,1
1.31 Gufuskálar .....	2,6
1.90 Ýmis verkefni .....	5,2
Almennur rekstur samtals .....	9,9
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>9,9</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	9,9

#### 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO .....	0,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP .....	0,2
Almennur rekstur samtals .....	0,5
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>0,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	0,5

#### 03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:

1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN .....	-1,8
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO .....	0,3
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA .....	1,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið .....	1,9
1.39 Evrópuráðið .....	-0,8
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD .....	0,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO .....	6,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA .....	-2,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA .....	17,1



	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn .....	20,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA .....	-13,8
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE .....	-11,3
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn .....	-0,7
Almennur rekstur samtals .....	17,3
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>17,3</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	17,3
<b>03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>27,7</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>27,7</b>
<b>Hlutdeild í ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

m.kr.

**04 Landbúnaðarráðuneyti****04-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:	
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 .....	3,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO .....	4,8
Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -6,7

**00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur ..... -27,9****Greitt úr ríkissjóði ..... -27,9****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**01 Forsætisráðuneyti****01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar .....	-1,1
Sértekjur:	
Sértekjur .....	1,2
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>0,1</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	0,1

**01-205 Mannvirkjagerð á Bessastöðum**

Stofnkostnaður:	
6.21 Mannvirkjagerð á Bessastöðum .....	-0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-0,5

**01-231 Norræna ráðherranefndin**

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar .....	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur .....	0,2
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>2,7</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	2,7

**01-301 Lýðveldissjóður**

Almennur rekstur:	
1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar .....	10,3
1.15 Efling íslenskrar tungu .....	-14,3
Almennur rekstur samtals .....	-4,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-4,0</b>

m.kr.

Sértekjur:

Sértekjur ..... 4,0

**Gjöld umfram tekjur ..... 0,0****01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 2,3****Greitt úr ríkissjóði ..... 2,3****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 02 Menntamálaráðuneyti

### 02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla .....	22,4
1.02 Annað en kennsla .....	-95,5
Almennur rekstur samtals .....	-73,1
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-73,1</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	17,6
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-55,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-55,5

### 02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun .....	-27,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-27,0

### 02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis .....	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	1,0

### 02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB .....	14,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	14,4

m.kr.

<b>02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>-67,1</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>-67,1</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>



### 03 Utanríkisráðuneyti

#### 03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og  
EES-samstarfi ..... -0,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -0,3

#### 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu  
þjóðanna, FAO ..... 0,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,5

#### 03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:

1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN ..... -2,3  
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ..... 0,9  
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ..... 0,6  
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO ..... -0,6  
1.17 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ..... -19,8  
1.35 Norðurskautsráðið, Eyrstrasaltsráðið, Barentsráðið ..... -5,2  
1.39 Evrópuráðið ..... 0,9  
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO ..... 9,3  
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA ..... 3,0  
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA ..... 2,4  
1.72 EFTA-dómstóllinn ..... 13,5  
1.73 Þróunarsjóður EFTA ..... 100,0  
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE ..... 3,8  
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn ..... -0,8  
Almennur rekstur samtals ..... 105,7

**Gjöld samtals ..... 105,7**

m.kr.

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 105,7

<b>03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>105,9</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>105,9</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

### 04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ..... -0,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

### 04-233 Yfirdýralæknir

Stofnkostnaður:

6.21 Krufningastofa á Keldum ..... 0,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,8

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda ..... 25,9

1.02 Lífeyrissjóður bænda ..... -1,5

Almennur rekstur samtals ..... 24,4

**Gjöld samtals** ..... **24,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 24,4

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda ..... -45,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -45,4

### 04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:

1.01 Lán til fiskeldis ..... -22,0

m.kr.

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -22,0

**04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar**

Almennur rekstur:

1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar ..... 27,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 27,5

**04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -15,1****Greitt úr ríkissjóði ..... -15,1****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**05 Sjávarútvegsráðuneyti****05-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins .....	1,1
1.49 Úrskurðarnefndir .....	10,5
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO .....	2,2
Almennur rekstur samtals .....	13,8

**Gjöld samtals .....** **13,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	13,8
----------------------------	------

**05-209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips**

Stofnkostnaður:

6.60 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips .....	277,9
--	-------

Sértekjur:

Sértekjur .....	22,1
-----------------	------

**Gjöld umfram tekjur .....** **300,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	300,0
----------------------------	-------

**05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....** **313,8**

**Greitt úr ríkissjóði .....** **313,8**

**Innheimt af ríkistekjum .....** **0,0**

**Viðskiptahreyfingar .....** **0,0**

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

### 06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar .....	1,7
Sértekjur:	
Sértekjur .....	0,1
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>1,8</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	1,8

### 06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.43 Alþjóðasamband sakamálaögreglu, INTERPOL .....	0,2
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB .....	-0,4
Almennur rekstur samtals .....	-0,2
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-0,2</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-0,2

### 06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn .....	-8,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-8,9

### 06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum .....	-83,3
1.20 Réttargæslumenn .....	4,0
Almennur rekstur samtals .....	-79,3
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-79,3</b>

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur .....	78,7
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-0,6</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-0,6

**06-232 Opinber réttaraðstoð**

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð .....	-41,1
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga .....	7,1
Almennur rekstur samtals .....	-34,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-34,0</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	16,8
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-17,2</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-17,2

**06-235 Bætur brotaþola**

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola .....	3,1
Sértekjur:	
Sértekjur .....	19,1
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>22,2</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	22,2

**06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættta**

Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs .....	9,6

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	9,6

**06-733 Kirkjugarðsgjöld**

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar .....	-2,7
1.13 Kirkjugarðasjóður .....	10,7
Almennur rekstur samtals .....	8,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>8,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	8,0

<b>06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>14,7</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>14,7</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>



**07 Félagsmálaráðuneyti****07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir**

Stofnkostnaður:

6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ..... -62,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -62,7

**07-272 Byggingarsjóður verkamanna**

Stofnkostnaður:

6.01 Byggingarsjóður verkamanna ..... 62,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 62,7

**07-711 Styrktarfélag vangefinna**

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli ..... 1,2

1.30 Vinnustofan Ás ..... 17,3

1.60 Dagvistun Lækjarási ..... 3,0

1.61 Dagvistun Bjarkarási ..... 4,2

1.62 Dagvistun Lyngási ..... 13,0

1.63 Skammtíamavistun Víðihlíð 9 ..... 3,4

Almennur rekstur samtals ..... 42,1

**Gjöld samtals ..... 42,1**

Sértekjur:

Sértekjur ..... -14,1

**Gjöld umfram tekjur ..... 28,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 28,0

**07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

Almennur rekstur:

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ..... -78,8

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-78,8

**07-981 Vinnumál**

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO .....	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-0,1

**07-982 Ábyrgðasjóður launa**

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota .....	-141,2
Sértekjur:	
Sértekjur .....	114,3
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-26,9</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-68,5
Innheimt af ríkistekjum .....	40,1
Viðskiptahreyfingar .....	1,5

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur .....	-584,7
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva .....	23,4
1.31 Kjararannsóknarnefnd .....	-3,7
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði .....	136,0
1.41 Framlög og styrkir .....	16,9
1.45 Starfsmenntasjóður .....	-10,9
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda .....	11,0
Almennur rekstur samtals .....	-412,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-412,0</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	103,1
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-308,9</b>

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-680,0
Viðskiptahreyfingar .....	371,1
<b>07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga</b>	
Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga .....	-2,0
Sértekjur:	
Sértekjur .....	14,3
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>12,3</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-11,3
Viðskiptahreyfingar .....	23,6
<b>07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi</b>	
Almennur rekstur:	
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 .....	-53,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-53,7
<b>07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-428,1</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>-864,4</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>40,1</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>396,2</b>

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

### 08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:

1.11 Mæðra - og feðralaun .....	6,2
1.15 Umönnunarbætur .....	-2,0
1.21 Makabætur .....	-0,1
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur .....	12,2
1.31 Endurhæfingarlífeyrir .....	-28,8
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar .....	1,1
1.41 Heimilisuppbót .....	8,4
1.45 Sérstök heimilisuppbót .....	11,0
1.51 Uppbætur .....	-13,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir .....	-13,4
Almennur rekstur samtals .....	-18,4

**Gjöld samtals .....** **-18,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	-18,4
----------------------------	-------

### 08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:

1.11 Ellilífeyrir .....	50,7
1.15 Örorkulífeyrir .....	-29,2
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega .....	32,2
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega .....	14,0
1.31 Örorkustyrkur .....	34,7
1.35 Barnalífeyrir .....	-10,0
1.41 Fæðingarorlof .....	-18,0
1.91 Annað .....	-18,8
Almennur rekstur samtals .....	55,6

**Gjöld samtals .....** **55,6**

Sértekjur:

Sértekjur .....	4,1
-----------------	-----

**Gjöld umfram tekjur .....** **59,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	59,7
----------------------------	------

m.kr.

**08-206 Sjúkratryggingar**

Almennur rekstur:

1.11 Lækniskostnaður	-46,9
1.15 Lyf	-37,6
1.21 Hjálpartæki	-43,9
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	5,9
1.31 Þjálfun	38,3
1.35 Tannlækningar	-25,7
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	10,9
1.45 Brýn meðferð erlendis	64,5
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-5,7
1.55 Sjúkradagpeningar	-11,4
1.91 Annað	-61,4
Almennur rekstur samtals	-113,0

**Gjöld samtals** -113,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -113,0

**08-208 Slysatryggingar**

Almennur rekstur:

1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	-1,6
1.15 Bætur til framfærslu	-56,1
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	153,5
1.21 Stjórnunarkostnaður	-9,0
Almennur rekstur samtals	86,8

**Gjöld samtals** 86,8

Sértekjur:

Sértekjur 32,8

**Gjöld umfram tekjur** 119,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 119,6

**08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra**

Almennur rekstur:

1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra -10,2

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur .....	16,1
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>5,9</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	5,9

**08-379 Sjúkrahús, óskipt**

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir .....	34,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	34,6

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**

Almennur rekstur:	
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 .....	-0,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi .....	-1,3
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn .....	3,3
1.72 Blálónsnefnd .....	-0,6
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO .....	0,1
Almennur rekstur samtals .....	1,2
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>1,2</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	1,2

**08-495 Daggjaldastofnanir**

Almennur rekstur:	
1.11 Seljahlíð, Reykjavík .....	19,3
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík .....	63,8
1.15 Dalbær, Dalvík .....	-8,8
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði .....	-3,2
1.19 Hjallatún, Vík .....	0,1
1.21 Höfði, Akranesi .....	-34,6

	m.kr.
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum .....	-16,9
1.25 Barmahlíð, Reykhólum .....	-5,2
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi .....	0,9
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði .....	-4,7
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi .....	-11,5
1.35 Jaðar, Ólafsvík .....	-3,0
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri .....	-0,3
1.41 Hrafnista, Reykjavík .....	-33,9
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði .....	-14,1
1.45 Grund, Reykjavík .....	-2,4
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði .....	-36,5
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri .....	-7,9
1.51 Fellsendi, Búðardal .....	-3,1
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ .....	-76,2
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík .....	7,9
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík .....	3,6
1.63 Hlíðabær, Reykjavík .....	24,7
1.65 Lindargata, Reykjavík .....	1,3
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík .....	-10,8
1.69 Múlabær, Reykjavík .....	-2,0
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar .....	-3,4
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum .....	4,9
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum .....	284,6
1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ .....	25,2
1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra .....	-0,6
Almennur rekstur samtals .....	157,2
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>157,2</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	14,3
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>171,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	171,5
<b>08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>261,1</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>261,1</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

**09 Fjármálaráðuneyti****09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**

Almennur rekstur:	
1.30 Þungaskattur .....	0,4
1.40 Fjármagnstekjuskattur .....	2,3
Almennur rekstur samtals .....	2,7
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>2,7</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	2,7

**09-250 Innheimtukostnaður**

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður .....	-82,6
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir .....	5,7
Almennur rekstur samtals .....	-76,9
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-76,9</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	54,4
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-22,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-22,5

**09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins .....	-1.065,4
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna .....	-262,6
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra .....	-248,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga .....	820,9
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands .....	27,2
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands .....	66,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara .....	-1,8
1.19 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga .....	-4.000,0



	m.kr.
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun .....	-26,5
Almennur rekstur samtals .....	-4.690,2
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-4.690,2</b>
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar .....	-4.690,2
 <b>09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna</b>	
Almennur rekstur:	
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna .....	-137,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-137,6
 <b>09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum</b>	
Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum .....	-17,1
Sértekjur:	
Sértekjur .....	4,8
<b>Gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-12,3</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-12,3
 <b>09-711 Afskriftir skattkrafna</b>	
Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna .....	-634,3
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar .....	-634,3
 <b>09-721 Fjármagnstekjuskattur</b>	
Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur .....	-61,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-61,5

m.kr.

**09-811 Barnabætur**

Almennur rekstur:

1.11 Barnabætur ..... -82,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -82,4

**09-821 Vaxtabætur**

Almennur rekstur:

1.11 Vaxtabætur ..... -169,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -169,7

**09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur**

Stofnkostnaður:

6.11 Tapaðar kröfur ..... 175,8

6.15 Tjónabætur ..... 16,6

Stofnkostnaður samtals ..... 192,4

**Gjöld samtals ..... 192,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 16,6

Viðskiptahreyfingar ..... 175,8

**09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**

Stofnkostnaður:

6.40 Tollhúsið við Tryggvagötu ..... 18,2

6.91 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga ..... 2,5

6.92 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga ..... 0,6

6.93 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga ..... -44,3

Stofnkostnaður samtals ..... -23,0

**Gjöld samtals ..... -23,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -23,0

m.kr.

**09-989 Launa- og verðlagsmál**

Almennur rekstur:

1.90 Launa- og verðlagsmál ..... -412,6

Stofnkostnaður:

6.01 Stofnkostnaður ..... 15,0

**Gjöld samtals** ..... **-397,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -397,6

**09-999 Ýmislegt**

Almennur rekstur:

1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir ..... 24,1

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum ..... -30,3

1.15 Kjararannsóknir ..... -2,1

1.31 Lífeyrissjóður bænda ..... 23,9

1.60 Dómkröfur ..... -103,2

1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings ..... 3,3

1.92 Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl. .... -5,6

Almennur rekstur samtals ..... -89,9

**Gjöld samtals** ..... **-89,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -89,9

**09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur** ..... **-6.125,9****Greitt úr ríkissjóði** ..... **-977,2****Innheimt af ríkistekjum** ..... **0,0****Viðskiptahreyfingar** ..... **-5.148,7**

## 10 Samgönguráðuneyti

### 10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.25 GPS-staðsetningarkerfi .....	31,9
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO .....	0,1
1.63 Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi .....	0,8
Almennur rekstur samtals .....	32,8

**Gjöld samtals .....** **32,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	32,8
----------------------------	------

### 10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:

6.55 Ferjur og flóabátar .....	184,9
--------------------------------	-------

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	184,9
----------------------------	-------

**10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....** **217,7**

**Greitt úr ríkissjóði .....** **217,7**

**Innheimt af ríkistekjum .....** **0,0**

**Viðskiptahreyfingar .....** **0,0**

m.kr.

**11 Iðnaðarráðuneyti****11-299 Iðja og iðnaður, framlög**

Almennur rekstur:

1.70 Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni ..... 0,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,4

**11-371 Orkusjóður**

Stofnkostnaður:

6.11 Virkjanarannsóknir ..... -50,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -50,0

**11-399 Ýmis orkumál**

Almennur rekstur:

1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun ..... 41,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 41,0

**11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -8,6****Greitt úr ríkissjóði ..... -8,6****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**14 Umhverfissráðuneyti****14-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.55 Stofnun Vilhjalms Stefánssonar ..... 1,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 1,5

**14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**

Stofnkostnaður:

6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ..... 137,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 137,7

**14-285 Spilliefnasjóður**

Almennur rekstur:

1.10 Eyðing spilliefna ..... 19,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 19,2

**14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**

Stofnkostnaður:

6.11 Bifreiðar ..... 0,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 0,1

**14 Umhverfissráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 158,5****Greitt úr ríkissjóði ..... 158,5****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**19 Vaxtagjöld ríkissjóðs****19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	-687,2
1.20 Inneingnarvextir af ríkistekjum .....	-64,8
Almennur rekstur samtals .....	-752,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	-2.553,1
Viðskiptahreyfingar .....	1.801,1
<b>19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>-752,0</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>-2.553,1</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>1.801,1</b>

*Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

Geir H. Haarde.

# LÖG

## um búfjárhald o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Markmið, yfirstjórn og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbriggt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

##### 2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr.

##### 3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðbúnaður búfjár* er umhirða, húsakostur og/eða skjól.
2. *Friðað svæði* er land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.
3. *Gripheld girðing* er mannvirki úr ýmsu efni sem reist er til að hindra frjálsta för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund. Girðing getur miðast við aldur og kyn-eiginleika búfjár, verið fjárheld, hrossheld, nautgripaheld, graðpeningsheld o.s.frv.
4. *Hagaganga* er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.
5. *Landspilda* er ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.
6. *Lausaganga* er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.
7. *Lausagöngubann* er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.
8. *Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.
9. *Umráðamaður lands* er sá aðili sem hefur rétt til að ráðstafa nýtingu landsins.



10. *Tilsjónarmaður* er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði en ber ekki ábyrgð á því nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.
11. *Varsla búfjár* er þegar umráðamaður búfjár heldur því innan afmarkaðs svæðis.
12. *Vörslukrafa* er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.
13. *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrlegur farartálmi sem kemur algerlega í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.
14. *Vörsluskylða* er skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta þess.

## II. KAFLI

### Takmörkun búfjárhalds.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir alla þá sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga. Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Bændasamtökum Íslands og skulu samtökin halda heildarskrá fyrir allt landið.

#### 5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

## III. KAFLI

### Varsla búfjár.

#### 6. gr.

Sveitarstjórn, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

#### 7. gr.

Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.

4. Aðrar búfjártegingundir en framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

9. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrir mælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans. Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

#### IV. KAFLI

#### Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

10. gr.

Búfjäreftirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

Sveitarfélög skulu ráða búfjäreftirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjäreftirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjäreftirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjäreftirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjäreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjäreftirlitsmanna fer eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjäreftirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Kostnaður við búfjäreftirlit greiðist af sveitarfélagunum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Á hverju búfjäreftirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjäreftirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitar-

félögunum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjárefartilitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjárefartilitsnefnd annast yfirstjórn búfjárefartilitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjárefartilitsmenn gefa búfjárefartilitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

#### 11. gr.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjárefartilitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur landbúnaðarráðuneytið heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjárefartilitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjárefartilitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíki skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

#### 12. gr.

Búfjárefartilitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjárefartilitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjárefartilitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

#### 13. gr.

Búfjárefartilitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjárefartilitskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir Bændasamtökum Íslands frumritið eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

#### 14. gr.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitolöndum. Umráðamaður búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjárefartilitskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagagöngu og umráðamann þess.

## 15. gr.

Meini umráðamaður búfjár búfjäreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eða beiti-löndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til landbúnaðarráðherra. Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjäreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjaldtöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

## 16. gr.

Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrir-mæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði innan sólarhrings frá tilkynningu.

Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmæla-fresti umráðamanns búfjár.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitar-

stjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

V. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerðir um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjartegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjárefirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
4. Reglugerð um starfssvæði búfjárefirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæslu, eftirlítið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vor-skýrslur.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., ásamt síðari breytingum. Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

*Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Alþingi hefur hinn 2. maí 2002 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árið 2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN\*

(Fjárhæðir í m.kr.)

	<b>2002</b>
1.1. Markaðar tekjur:	
1. Bensíngjald . . . . .	5.434
2. Þungaskattur, km-gjald . . . . .	2.499
3. Þungaskattur, árgjald . . . . .	2.465
	<b>10.398</b>
1.2. Umsýslugjald 0,5% . . . . .	-52
	<b>10.346</b>
1.3. Aðrar tekjur:	
1. Leyfisgjöld flutninga . . . . .	9
2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála . . . . .	123
	<b>10.478</b>
1.4. Viðbótarfé . . . . .	500
1.5. Sérstök fjáröflun . . . . .	2.300
1.6. Frestun framkvæmda . . . . .	-1.616
	<b>11.662</b>
1.7. Lánsfé:	
1. Vegna veltenginga Hvalfjarðarganga . . . . .	-40
2. Vegna ferja . . . . .	-263
	<b>Samtals 11.359</b>

\* Áætlunin er sett upp á áætluðu meðalverðlagi árið 2002 (vísitala vegagerðar 6740 stig). Hækkun frá 2001 nemur um 6% og er það í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
<b>GJÖLD</b>		
<b>2.1. Rekstur og þjónusta</b>		
1.	Yfirstjórn .....	264
2.	Upplýsingaþjónusta .....	56
3.	Umferðarefirlit .....	52
4.	Þjónusta .....	2.194
1.	Þjónustusvæði .....	300
2.	Vegir og vegyfirborð .....	385
3.	Brýr og veggöng .....	60
4.	Vegmerkingar og vegbúnaður .....	364
5.	Þéttbýlisvegir .....	263
6.	Vetrarþjónusta .....	822
5.	Almenningssamgöngur .....	750
1.	Ferjur og flóabátar .....	518
	Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs .....	-263
2.	Áætlunarflug .....	123
3.	Sérleyfi á landi .....	109
6.	Rannsóknir .....	98
<b>Rekstur og þjónusta samtals</b> .....		<b>3.151</b>
<b>2.2. Viðhald</b>		
1.	Endurnýjun bundinna slitlaga .....	860
2.	Endurnýjun malar slitlaga .....	235
3.	Styrkingar og endurbætur .....	543
4.	Brýr, varnargarðar og veggöng .....	179
5.	Öryggisaðgerðir .....	130
6.	Vatnaskemmdir .....	123
<b>Viðhald samtals</b> .....		<b>2.070</b>
<b>2.3. Stofnkostnaður</b>		
1.	Stofnvegir .....	3.944
1.	Almenn verkefni .....	424
2.	Höfuðborgarsvæðið .....	1.191
3.	Stórverkefni .....	2.329
	Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs .....	-40
2.	Jarðgangaáætlun .....	300
3.	Tengivegir .....	477
4.	Til brúargerðar .....	206
1.	Brýr 10 m og lengri .....	182
2.	Smábrýr .....	24
5.	Ferðamannaleiðir .....	346
6.	Orku- og iðjuvegir á Austurlandi .....	370
7.	Girðingar .....	55
8.	Landsvegir .....	115
9.	Safnvegir .....	272
10.	Styrkvegir .....	54
11.	Reiðvegir .....	39
<b>Stofnkostnaður samtals</b> .....		<b>6.138</b>
<b>Samtals</b>		<b>11.359</b>

SUNDURLIÐUN  
**2.3. Stofnkostnaður.**  
*1. Stofnvegir.*  
**1.1. Almenn verkefni.**

Vegnr.	Vegheiti Kaflannr. Kaflaheiti	2002 m.kr.
1	Hringvegur	
a6	Um Skaftá .....	11
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss .....	41
359	Bræðratunguvegur	
01	Um Hvítá .....	20
1	Hringvegur	
e1	Lagfæringar .....	37
45	Garðskagavegur	
04	Í Sandgerði .....	10
427	Ísólfskálavegur	
04	Grindavík – Ísólfskáli .....	4
1	Hringvegur	
g6	Borgarnes .....	16
54	Snæfellsnesvegur	
10	Sæluhús – Valavatn .....	16
574	Útnesvegur	
06	Lýsing við Hellissand og Rif .....	3
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka .....	37
61	Djúpvvegur	
09	Kollafjörður .....	31
45	Hnífsdalur – Bolungarvík .....	40
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur .....	72
1	Hringvegur	
p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur .....	15
1	Hringvegur	
x1	Suðursveit .....	38
85	Norðausturvegur	
34-35	Hölná – Miðheiðarhryggur .....	14
92	Norðfjarðarvegur	
10	Um Norðfjarðará .....	9
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
	Lagfæringar á Þjóðvegum .....	10
<b>Samtals</b>		<b>424</b>



**1.2. Höfuðborgarsvæðið.**

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.
1	Hringvegur	
e3	Lagfæring á gjá .....	10
f2	Gatnamót við Víkurveg .....	100
f3	Gatnamót við Skarhólabraut .....	50
f3	Í Mosfellsbæ .....	16
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Rampi í Kópavogi .....	10
41	Reykjanesbraut	
11	Gatnamót við Stekkjarbakka .....	30
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut .....	250
12	Fífuhvammisvegur – Kaplakriki .....	30
14	Í Hafnarfirði .....	330
49	Nesbraut	
04	Færsla Hringbrautar .....	130
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur – Höfðabakki .....	25
450	Sundabraut, undirbúningur .....	50
	Göngubrýr og undirgöng .....	76
	Smærri verk og óráðstafað .....	84
Samtals		1.191

**1.3. Stórverkefni.**

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2002 m.kr.
<b>Djúpa, Hörgsá</b>		
1	Hringvegur	
a2	Um Djúpa og Laxá .....	39
<b>Þjórsá</b>		
1	Hringvegur	
c8	Um Þjórsá .....	409
<b>Biskupstungnabraut</b>		
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss .....	48
<b>Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík</b>		
41	Reykjanesbraut	
15-18	Breikkun .....	134
<b>Hvalfjarðartengingar</b>		
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartengingar .....	63
<b>Breikkun brúa á Vesturlandi</b>		
1	Hringvegur	
h4	Norðurá í Heiðarsporði .....	65
<b>Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð</b>		
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður .....	21
<b>Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur</b>		
56	Vatnaleið .....	10

Vegnr.	Vegheiti	2002
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
<b>Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svinadalur</b>		
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka .....	213
<b>Hálsasveitarvegur að Húsafelli</b>		
518	Hálsasveitarvegur	
02-03	Reykholtisdalur – Húsafell .....	98
<b>Gilsfjörður</b>		
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður .....	26
<b>Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur</b>		
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli – Vattarnes .....	129
<b>Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði</b>		
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði – Bjarnadalur .....	5
<b>Ísafjarðardjúp</b>		
61	Djúpvvegur	
31	Gilseyri – Kleifaós .....	106
<b>Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður</b>		
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði .....	49
<b>Breikkun brúa á Norðurlandi vestra</b>		
1	Hringvegur	
k8	Um Vatnsdalsá .....	45
<b>Þverárfjallsvegur</b>		
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur .....	35
<b>Hringvegur á Mývatnsheiði</b>		
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði .....	100
<b>Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn</b>		
85	Norðausturvegur	
09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn .....	265
24	Um Svalbarðsá .....	5
<b>Tenging Norðurland – Austurland</b>		
1	Hringvegur	
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð .....	45
s6-s7	Ármótasel – Skjöldólfsstaðir .....	23
<b>Hringvegur á Austurlandi</b>		
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir .....	94
u4	Búðaa – Hvannabrekka .....	86
u9	Melrakkane – Blábjörg .....	55
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður .....	33
v4	Jökulsá í Lóni .....	40
x1	Suðursveit .....	32
<b>Suðurfjarðavegur</b>		
96	Suðurfjarðavegur	
11	Kambanes – Snæhvammur .....	46
<b>Samgöngurannsóknir</b> .....		
		10
Samtals		2.329

## 2. Jarðgangaáætlun.

	2002 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj. ....	300
Samtals	300

## 3. Tengivegir.

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr.    Kafaheiti	2002 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Hrafnóftir – Ásvegur .....	18
26	Landvegur	
02	Holtsmúli – Fellsmúli .....	36
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Önundarholtsvegur – Skipar .....	36
305	Villingaholtsvegur	
01	Kolsholt – Urriðafossvegur .....	4
310	Votmúlavegur	
01	Eyrbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur .....	6
329	Mástunguvegur	
01	Skygnir – Laxárdalur .....	5
374	Hvamsvegur	
01	Sogn – Hringvegur .....	19
48	Kjósarskarðsvegur	
01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur .....	36
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Vatnshamraleið .....	42
505	Melasveitarvegur .....	27
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut .....	2
518	Hálsasveitarvegur	
01	Lýsing við Reykholt .....	2
523	Hvítársíðuvegur .....	4
530	Ferjubakkavegur .....	3
5240	Bifrastarvegur	
01	Lýsing við Bifróst .....	2
612	Örlygshafnarvegur	
01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn .....	21
629	Syðradalsvegur	
01	Djúpvegur – Geirastaðir .....	8
645	Drangnesvegur	
01	Reykjarnes – Drangnes .....	22
711	Vatnsnesvegur	
02	Skarð – Bergsstaðir .....	13
722	Vatnsdalsvegur	
04	Refabú – Hringvegur .....	33
753	Vindheimavegur	
01	Hringvegur – Vindheimar .....	11
805	Svarfaðardalsvegur	
01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur .....	72

Vegnr.	Vegheiti	2002
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
925	Hróarstunguvegur	
02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn .....	18
931	Upphéraðsvegur	
01	Ekkjufell – Setberg .....	5
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur – Berufjörður .....	22
	Göngubrú á Jökulsá í Lóni .....	10
Samtals		477

*4. Til brúagerðar.*  
**1. Brýr, 10 m og lengri.**

	2002	
	m.kr.	
Skaftá (1) .....	39	
Brýr á Hringvegi í Suðursveit (1) .....	21	
Ósá í Bolungarvík (61) .....	39	
Skíðadalsá (807) .....	53	
Fjarðará í Seyðisfirði .....	15	
Óráðstafað .....	15	
Samtals		182

*5. Ferðamannaleiðir.*

Vegnr.	Vegheiti	2002
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
52	Uxahryggjavegur frá Þingvöllum .....	40
	Vegur á Höfðabrekkuheiði .....	3
	Vegur í Vestmannaeyjum .....	10
215	Reynishverfisvegur .....	5
249	Þórsmerkurvegur .....	10
334	Gullfoss .....	7
408	Heiðmerkurvegur .....	11
426	Bláalónsvegur .....	11
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut .....	11
574	Útnesvegur	
02	Arnarstapi – Malarrif .....	30
04	Hella – Hellissandur .....	5
612	Örlygshafnarvegur	
02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg .....	4
637	Seljalandsvegur .....	8
643	Strandarvegur	
03	Bjarnarfjarðará – Deild .....	27
03-08	Drangsnæsvegur – Norðurfjörður .....	6
717	Borgarvegur .....	
01	Síðuvegur – Borgarvirki .....	2
746	Tindastólsvegur .....	5

Vegnr.	Vegheiti Kafanr. Kaflehti	2002 m.kr.
764	Hegranesvegur	
01-02	Hróarsdalur – Keldudalur og um Hegrabjarg	4
793	Skarðsvegur	
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	11
7350	Steinárvegur	
01	Brú á Svartá	7
F578	03 Arnarvatnsvegur	7
832	Vaðlaheiðarvegur	2
837	03 Hlíðarfjallsvegur	35
	Vegur að Dettifossi	30
F862	Hólmatungnavegur	5
869	Langanesvegur	2
8716	Engidalsvegur (Engidalur – Stöng)	2
93	Seyðisfjarðarvegur	
06	Við ferjuhöfn	35
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur – Berufjörður	11
Samtals		346

*6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi.*

	2002 m.kr.	
Fljótsdalur	200	
Reyðarfjörður	170	
Samtals		370

*Samgönguráðuneytinu, 14. maí 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Jón Birgir Jónsson.*

# AUGLÝSING

## um flugmálaáætlun árið 2002.

Alþingi hefur hinn 2. maí 2002 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD (Fjárhæðir í millj. kr.)

Flugmálaáætlun	2002
<b>TEKJUR OG FRAMLÖG</b>	
<b>Markaðar tekjur</b>	
Flugvallagjald .....	721,0
Framlög úr ríkissjóði .....	740,8
Ríkistekjur .....	111,8
<b>Sértekjur</b>	
Tekjur af alþjóðaflugþjónustu .....	1.340,2
Aðrar sértekjur .....	227,7
<b>TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS</b> .....	<b>3.141,5</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b>	
Frestun framkvæmda .....	-68,0
Lántökur .....	456,0
Afborganir lána .....	0,0
<i>Viðskiptahreyfingar samtals</i> .....	<i>388,0</i>
<b>TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS</b> .....	<b>3.529,5</b>
<b>GJÖLD</b>	
<b>Rekstur og þjónusta</b>	
Yfirstjórn .....	219,8
Eftirlit og öryggismál .....	115,7
Flugvallarþjónusta .....	532,1
Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja.



## V. KAFLI

**Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.****A. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.**

## 31. gr.

*Útibú fjármálafyrirtækja innan EES.*

Erlent fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með hinu erlenda fyrirtæki í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

## 32. gr.

*Þjónusta fjármálafyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.*

Erlendu fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Ekki er heimilt að hefja slíka þjónustu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

## 33. gr.

*Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálafyrirtæki utan EES.*

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

## 34. gr.

*Heimildir til að banna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendu fjármálafyrirtæki að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun er tekin um bann skv. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að vernda hagsmuni innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna fjármálafyrirtækis.

Málsmeðferð skv. 1. og 2. mgr. fer eftir ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

35. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra skal setja reglugerð um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja til starfsemi hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra fjármálafyrirtækja, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga fjármálafyrirtækja til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

***B. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.***

36. gr.

*Tilkynning um stofnun útibús.*

Innlend fjármálafyrirtæki, sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, lýsing á starfsemi útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingar um heimilisfang útibúsins og nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar skv. 2. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 2. mgr.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

37. gr.

*Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.*

Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fölgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi samkvæmt þessari grein ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

### 38. gr.

#### *Starfsemi utan EES.*

Hyggist fjármálafyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

### 39. gr.

#### *Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki.*

Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torvelað. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og skal hún rökstudd.

## VI. KAFLI

### **Eignarhlutir og meðferð þeirra.**

#### 40. gr.

#### *Samþykki Fjármálaeftirlitsins.*

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

Ákvæði þessa kafla gilda um sparisjóði eftir því sem við getur átt.

#### 41. gr.

#### *Umsókn til Fjármálaeftirlitsins.*

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fjármálafyrirtæki sem um ræðir í 40. gr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fjármálafyrirtæki.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.
12. Annað sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að vita og máli skiptir við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

#### 42. gr.

##### *Mat á hæfi umsækjanda.*

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánnum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármáلامarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
8. Ef um virkan eignarhlut í sparisjóði er að ræða skal Fjármálaeftirlitið að auki leggja mat á hvort eignarhaldið samrýmist skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

#### 43. gr.

##### *Afgreiðsla umsóknar.*

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn gripi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhalds-

félagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bærust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

44. gr.

*Nýting heimildar.*

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálaefyrirtæki gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 40. og 41. gr.

45. gr.

*Úrræði ef ekki er sótt um leyfi.*

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálaefyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 41. gr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 43. gr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut er honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

46. gr.

*Úrræði ef umsókn ef hafnað.*

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálaefyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

47. gr.

*Tilkynning eiganda um sölu á virkum eignarhlut.*

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjäreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í

40. gr. eða svo mikið að fjármálafyrirtæki hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi móðurfyrirtækis skal það einnig tilkynnt.

48. gr.

*Tilkynning fjármálafyrirtækja um aðilaskipti.*

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki sem valda því að hlutafjäreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn fjármálafyrirtækis tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjäreign hvers þeirra.

49. gr.

*Úrræði ef eigandi er ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.*

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 42. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

VII. KAFLI

**Stjórn og starfsmenn.**

50. gr.

*Almennt ákvæði.*

Um stjórn fjármálafyrirtækis gilda ákvæði laga um hlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

51. gr.

*Fjöldi stjórnarmanna.*

Stjórn fjármálafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánaðafyrirtækja skipaðar eigi færri en fimm mönnum.

Skipa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn fjármálafyrirtækis.

52. gr.

*Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.*

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum,

eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

### 53. gr.

#### *Hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfavíðskiptum.*

Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við víðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fjármálafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Prófnefnd verðbréfavíðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfavíðskiptum sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Viðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd verðbréfavíðskipta er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd verðbréfavíðskipta skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd prófs í verðbréfavíðskiptum, þar á meðal prófkröfur, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

### 54. gr.

#### *Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.*

Í samþykktum fjármálafyrirtækis skal kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem skal taka mið af ákvæðum hlutafélagalaga.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök víðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka víðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga, og framkvæmd reglna um meðferð víðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

### 55. gr.

#### *Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.*

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök víðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök víðskipti.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. víðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
2. víðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um víðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

## 56. gr.

*Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.*

Framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn fyrirtækis getur veitt heimild til slíks á grundvelli reglna sem hún setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Um stjórnarsetu framkvæmdastjóra í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækisins, og um heimildir annarra starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri, fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr.

## 57. gr.

*Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.*

Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer að öðru leyti eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins skal setja.

## 58. gr.

*Þagnarskylda.*

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

## 59. gr.

*Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.*

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.



## 60. gr.

*Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.*

Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem er getur í 58. gr. að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

## VIII. KAFLI

**Sparisjóðir.**

## 61. gr.

*Stofnun.*

Stofnfjäreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjäreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 11. gr.

## 62. gr.

*Stofnfjárbréf.*

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrir en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjäreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 64. og 65. gr. og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjäreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjäreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

## 63. gr.

*Réttindi stofnfjäreigenda.*

Stofnfjäreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjäreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjäreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sinu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 65. og 100. gr.

## 64. gr.

*Sala og veðsetning stofnfjárhluta.*

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði skal stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil nema samþykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar.

Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr., og skal þá nýr eigandi óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því að þau áttu sér stað. Um afgreiðslu sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.

Synji sparisjóðsstjórn um samþykki eða nýr eigandi óskar ekki eftir samþykki innan tilskilins frests skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr.

## 65. gr.

*Innlausn stofnfjárhluta.*

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar lögaðila, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hann lagður niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreigenda,
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreigenda og
4. þegar hún samþykkir ekki eigendaskipti við fullnustu veðréttar í stofnfjárhlut.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýtttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

## 66. gr.

*Aukning stofnfjár.*

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætttri ónýtttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

## 67. gr.

*Endurmat stofnfjár.*

Sparisjóðum er heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

## 68. gr.

*Ráðstöfun hagnaðar.*

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulíð verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulíð flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulíð má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulíð miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.
3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

## 69. gr.

*Leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.*

Sparisjóðum er heimilt að fela sameiginlegum aðila á þeirra vegum að leggja fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

## 70. gr.

*Skipting eignarhluta og atkvæða.*

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár, til þess að einstakur stofnfjáraðili, eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánnum tengslum við í skilningi 2. mgr. 18. gr., eignist eða fari með virkan eignarhluta í sparisjóðnum í skilningi laga þessara, og skal þá sparisjóðsstjórn ekki samþykkja framsalið nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að fullnægðu öðru hvoru eftirgreindra skilyrða:

- a. að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut,
- b. að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Um atkvæðisrétt ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn fer samkvæmt ákvæðum 71. gr. Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á fundum stofnfjáreigenda nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

## 71. gr.

*Sveitarfélagssparisjóðir.*

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. um fjölda stofnfjáreigenda og 3. mgr. 70. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru einir stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 101. gr. Sé héraðsnefnd einn stofnfjáreigenda takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við  $\frac{1}{2}$  hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

## 72. gr.

*Stjórn.*

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

## 73. gr.

*Breyting sparisjóðs í hlutafélag.*

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 77. gr. og skulu nefnd ákvæði þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sé sparisjóði breytt í hlutafélag skulu í stað ákvæða 61.–68. gr. og 70.–72. gr. gilda um hann ákvæði VII. kafla laga þessara og laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

## 74. gr.

*Skipting hlutafjár í sparisjóði.*

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 73. gr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem

stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutfæ hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 67. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins sem og gagngjald fyrir stofnfjárhluti skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Við mat á hlut stofnfjár skal hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 76. gr.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

#### 75. gr.

##### *Atkvæðaréttur í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.*

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag skv. 73. gr. skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildar- atkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildar- atkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

#### 76. gr.

##### *Sjálfseignarstofnun sem hluthafi í sparisjóði.*

Sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta samþykktir stofnunarinnar.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu minnst eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og er þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. másl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

77. gr.

*Lágmark stofnfjár.*

Sparisjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það stofnfé sem mælt er fyrir um í 14. gr., er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Fari eigið fé niður fyrir framangreind mörk er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli sparisjóðurinn ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hans afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé sparisjóðsins hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 14. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

## IX. KAFLI

**Rafeyrisfyrirtæki.**

78. gr.

*Rafeyrir.*

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í raf-rænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

79. gr.

*Endurgreiðanleiki rafeyris.*

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en sem samsvarar 500 krónum.

80. gr.

*Eiginfjárkröfur.*

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal, þrátt fyrir ákvæði 84. gr., ávallt vera að lágmarki 2% af þeirri fjárhæð sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

81. gr.

*Takmörkun fjárfestinga.*

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest í, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki ráða bót á því ástandi án tafar og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum í því skyni.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

82. gr.

*Takmarkanir á gildissviði.*

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 krónur á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða þau eru í nánnum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslan skal hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert.

X. KAFLI

**Laust fé og eigið fé.**

83. gr.

*Laust fé.*

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja.

## 84. gr.

*Skilgreining eigin fjár.*

Eigið fé fjármálafyrirtækja eins og það er skilgreint skv. 4. mgr. skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða herra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi, enda séu aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og ákvörðun um herra eiginfjárhlutfall skal byggt á nánari reglum sem það setur.

Áhættugrunnur fyrirtækis skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárfætti A, eiginfjárfætti B og eiginfjárfætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárlíðir byggðir á árshlutauppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárfætti:

1. Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárfáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A.
3. Eiginfjárfáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A. Jafnframt má eiginfjárfáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

Eiginfjárfáttur A telst vera innborgað hlutfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa/stofnfjárbréfa, viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eign dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum.

Eiginfjárfáttur B telst vera samtala 1. og 2. tölul.:

1. Víkjandi lán sem fjármálafyrirtæki taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum.

Eiginfjárfáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjármálafyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Fjármálaeftirlitið getur heimilað einstökum fjármálafyrirtækjum að til eiginfjárfáttar C teljist hagnaður af veltubókarviðskiptum á tímabilinu að frádreginni fyrir-



sjáanlegri gjaldfærslu og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárbætti A.

Heimilt er að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lántaki þess, enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og slík endurgreiðsla hafi ekki óviðunandi áhrif á eiginfjárstöðu að mati þess.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–7. mgr. skal eigið fé verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en greindir eru í 5.–7. mgr. teljist með eigin fé fjármálafyrirtækis.

#### 85. gr.

##### *Frádráttur frá eigin fé.*

Frá eigin fé skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eigin fé eins og það er reiknað skv. 4. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein. Eignarhlutir sparisjóða í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem nema meira en 10% af hlutafé bankans skulu þó reiknast með sama hætti og eignarhlutir sem nema allt að 10%.

Þegar fjárfesting í hlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði er bráðabirgðaráráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. másl. 1. mgr.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum, sem reka váttryggingastarfsemi skv. 23. gr. dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr. Frádrátturinn takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi váttryggingafélags.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 28. gr.

#### 86. gr.

##### *Upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár.*

Hafi stjórn eða framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Samþæringleg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. másl. þessarar málsgreinar.

Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fjármálafyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það

krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.

Þegar Fjármálaeftirlitinu hafa borist gögn skv. 3. mgr. er því heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 84. gr. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Berist greinargerð skv. 3. mgr. ekki innan tilskilins frests, séu úræði samkvæmt greinargerðinni ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur samkvæmt þessari málsgrein skal afturkalla starfsleyfi, sbr. 9. gr.

## XI. KAFLI

### Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

87. gr.

*Samning ársreiknings og undirritun.*

Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár fjármálafyrirtækja er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

88. gr.

*Góð reikningsskilavenja.*

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Fjármálaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggja fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings fjármálafyrirtækis.

89. gr.

*Skýrsla stjórnar.*

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,

2. væntanlega þróun fyrirtækisins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun þess.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu og heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sé um ágóðahlut að ræða til stjórnar eða framkvæmdastjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Stjórnir skulu í skýrslu sinni gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi fyrirtækis eða jöfnun taps.

#### 90. gr.

##### *Endurskoðun.*

Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.

Endurskoðandi skv. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi fjármálafyrirtækis til eins árs í senn.

Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Í móðurfélagi skal endurskoðandi jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

#### 91. gr.

##### *Hæfi endurskoðanda.*

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

#### 92. gr.

##### *Upplýsingaskylda endurskoðanda.*

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 18. gr. Slík tilkynning brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 58. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

#### 93. gr.

##### *Góð endurskoðunarvenja.*

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um endurskoðun fjármálafyrirtækja ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

## 94. gr.

*Sérstök endurskoðun.*

Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fjármálafyrirtæki telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

## 95. gr.

*Skil og birting ársreiknings.*

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

## 96. gr.

*Árshlutauppgjör.*

Fjármálafyrirtæki skulu semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

## 97. gr.

*Samstæðureikningsskil.*

Fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki þegar það:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktar fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis, telst einnig vera dótturfyrirtæki móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.

Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfyrirtækja þess.

Ákvæði 87.–92. gr. og 95.–96. gr. gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðu, þar sem móðurfyrirtæki er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar.

Fjármálaeftirlitið setur að höfðu samráði við reikningsskilaráð nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um samstæðuuppgjör fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag.

## XII. KAFLI

### Slit og samruni fjármálafyrirtækja.

#### A. Slit.

98. gr.

#### *Ákvörðun um slit.*

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:

1. ef Fjármálaeftirlitið afturkallar starfsleyfi fjármálafyrirtækis, sbr. 9. gr., synjar fyrirtækinu um frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 84. gr.,
2. ef skylt er að slíta fjármálafyrirtæki samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi fyrirtækis,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjareigenda ákveður að slíta fjármálafyrirtæki.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal Fjármálaeftirlitið afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á sama hátt og skv. 2. mgr. 86. gr.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjareigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjareigenda.

99. gr.

#### *Úrskurður héraðsdóms um slit.*

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 2. mgr. 98. gr. eða þegar Fjármálaeftirlitið telur, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir fyrirtækisins hrökkvi til greiðslu skulda þess skal Fjármálaeftirlitið senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 98. gr. og Fjármálaeftirlitið telur sýnt að eignir þess hrökkvi fyrir skuldum skal það senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta til slíta á fjármálafyrirtækinu.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 98. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú fjármálafyrirtækis skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

100. gr.

*Framkvæmd skipta á búi fjármálafyrirtækis.*

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi fjármálafyrirtækis gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 99. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við fresttag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi fjármálafyrirtækis sá dagur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 86. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 99. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

**B. Samruni.**

101. gr.

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda, svo og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða.

Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.

Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera atugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð.

## XIII. KAFLI

**Eftirlit.****A. Almennar eftirlitsheimildir.**

102. gr.

*Fjármálaeftirlitið.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lög- aðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

103. gr.

*Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.*

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendrar fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

**B. Eftirlit á samstæðugrundvelli.**

104. gr.

Ákvæði IV. kafla C og X. kafla skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfyrirtækið ber ábyrgð á fram-

kvæmd þessa ákvæðis. Ákvæði 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Eigi fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eitt og sér eða ásamt með öðrum fyrirtækjum í samstæðunni, hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem er fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði og það fyrirtæki er starfrækt í samstarfi við önnur fyrirtæki sem ekki eru hluti af samstæðunni skal við beitingu ákvæða 1. mgr. um eigin fé nota hlutfallslega samstæðuaðferð með hliðsjón af hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Sé ábyrgð fjármálafyrirtækisins eða eignarhaldsfélagsins á viðkomandi hlutdeildarfélagi ekki takmörkuð við eignarhlutdeildina eða atkvæðisréttinn eiga ákvæði hefðbundinna samstæðureikningsskila við. Með hlutdeildarfélagi samkvæmt þessari málsgrein er átt við félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á eða beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 20% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki sem eitt og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum ákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gilda ekki um fyrirtæki sem fjármálafyrirtæki hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis, né heldur um fyrirtæki sem starfrækja váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr.

#### XIV. KAFLI

##### **Viðurlög.**

105. gr.

*Sektir.*

Það varðar sektum liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir (12. gr.),
2. starfsheimildir (IV. kafli A og B),
3. skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánnum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár (2. mgr. 29. gr.),
4. starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis (1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr.),
5. virka eignarhluti (1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr.),
6. þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála (2. og 3. mgr. 55. gr.),
7. þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri (56. gr.),
8. viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið (1. mgr. 57. gr.),
9. skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu (4. mgr. 73. gr.) og
10. ársreikninga og endurskoðun (87. gr., 1. mgr. 88. gr. og 1. og 2. mgr. 95. gr.).



## 106. gr.

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis (3. gr.),
2. hámark lána til einstaks viðskiptavinar (30. gr.),
3. starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr.),
4. þagnarskyldu (58. gr.),
5. takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja (1., 2. og 4. mgr. 81. gr.),
6. upphafsáðgerðir vegna ónógs eigin fjár (1. og 3. mgr. 86. gr.) og
7. hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri (91. og 92. gr.).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlits, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

## 107. gr.

*Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.*

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fêsekt. Um refsíábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

## XV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 108. gr.

*Nafnskráning reikninga.*

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu.

## 109. gr.

*Glatað skilríki.*

Glatist innláns-skilríki eða viðtökuskírteini er fjármálafyrirtæki hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur stjórn fjármálafyrirtækis stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lög-birtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur fjármála-fyrirtækinu samkvæmt innláns-skilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal fjármálafyrirtæki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innláns-skilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutað-eigandi fyrirtæki, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

## 110. gr.

*Undanþága frá stimpilgjaldi.*

Innlánsskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármála-fyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

## 111. gr.

*Undanþegnir sjóðir og undanþága frá rekstrarformi.*

Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt lögum nr. 23/1994, hafnalögum, Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og Ferðamálasjóðs samkvæmt lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, teljast þessir sjóðir ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara eru undanþegnir skilyrði 13. gr. um að starfa sem hlutafélög.

## XVI. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

## 112. gr.

*Innleiðing.*

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, 95/26/EB um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit, 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja.

## 113. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki. Með fjármálagerningum í lögum þessum er átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti.

## 114. gr.

*Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.*

Í stað 12. og 13. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

## 115. gr.

*Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti.*

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til verðbréfavíðskipta eins og þau eru skilgreind í 2. gr.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 1. tölul. orðast svo: *Verðbréfavíðskipti*: Starfsemi skv. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
  2. 2. tölul. orðast svo: *Fjármálafyrirtæki*: Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
  3. Í stað orðanna „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“ í 11. tölul. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): fjármálafyrirtæki.
  4. 17. tölul. orðast svo: *Verðbréfafyrirtæki*: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
  5. 18. tölul. fellur brott.
- c. 3.–14. gr., 21.–24. gr., 42.–62. gr. og 65.–67. gr. laganna falla brott.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Starfandi viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, rafeyrissfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir skulu halda starfsleyfi sínu við gildistöku laga þessara. Þau skulu innan sex mánaða tilkynna Fjármálaeftirlitinu hvaða starfsemi skv. 3. gr. og IV. kafla þau stunda við gildistöku laganna. Tilkynningin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir.

Lánastofnanir, sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, skulu hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum þessum.

Starfandi fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að hefja síðar nýja starfsemi nema það tilkynni Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrir fram.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

#### II.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu reglur skv. VII. kafla innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

#### III.

Verðbréfamiðlanir sem starfa sem einkahlutafélög skulu hafa komið rekstri sínum í hlutafélagsform innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

# LÖG

## um úrvinnslugjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Markmið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja víðeigandi förgun spilliefna.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting:* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs:* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

## II. KAFLI

**Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.**

## 3. gr.

*Almennt um gjaldtöku.*

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

## 4. gr.

*Fjárhæð úrvinnslugjalds.*

Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vörflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

Umhverfisráðherra leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs fram tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur eftir því sem við á. Fjármálaráðherra flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

## 5. gr.

*Úrvinnslugjald á ökutæki.*

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjald dagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruehimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum. Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.

## 6. gr.

*Skilagjald á ökutæki.*

Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

## 7. gr.

*Skilagjald á drykkjarvöruumbúðir.*

Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjalds, 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, sbr. viðauka III, við móttöku á notuðum úrvinnslugjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum.

## 8. gr.

*Úrvinnslugjald á aðrar vörur.*

Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. *Umbúðir*: heyrúlluplast, sbr. viðauka I, samsettar pappaubúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. viðauka II, einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III.
2. *Oliuvörur*: sbr. viðauka IV.
3. *Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd*: lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísócyánöt og pólyúretön, sbr. viðauka VII.
4. *Málning og litarefni*: málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.
5. *Rafhlöður og rafgeymar*: rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.
6. *Vörur í ljósmyndaiðnaði*: sbr. viðauka XII.
7. *Kvikasilfursvörur*: sbr. viðauka XIII.
8. *Varnarefni*: sbr. viðauka XIV.
9. *Kælimiðlar*: sbr. viðauka XV.
10. *Hjólbarðar*: sbr. viðauka XVI.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu, enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía er þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum, enda hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra.

## III. KAFLI

**Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kærheimild og kærufrestur.**

## 9. gr.

*Gjaldskyldir aðilar.*

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verk-taka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili

hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjalddöku samkvæmt lögum þessum.

#### 10. gr.

##### *Álagning gjalds.*

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendra framleiðslu sem tollstjórar innheimta. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu gjalds í öðrum skattumdæmum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

#### 11. gr.

##### *Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.*

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendra framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

#### 12. gr.

##### *Skýrslur, álag og dráttarvextir.*

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og

leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 1. mgr. 9. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrsla hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

### 13. gr.

#### *Kæruheimild og kærufrestur.*

Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirkattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirkattanefnd.

## IV. KAFLI

### Úrvinnslusjóður.

#### 14. gr.

##### *Framkvæmd.*

Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfisráðherra. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir löginn falla.

#### 15. gr.

##### *Hlutverk Úrvinnslusjóðs.*

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Sé gjaldskyld vara eða úrgangur af henni sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstrar- aðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.



Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutadeigandi aðila um atriði er þá varða.

#### 16. gr.

##### *Stjórn Úrvinnslusjóðs.*

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af umhverfisráðherra.

#### 17. gr.

##### *Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.*

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stjórnin staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vöru til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

#### 18. gr.

##### *Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.*

Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

#### 19. gr.

##### *Rekstur Úrvinnslusjóðs.*

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

Skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

#### V. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

20. gr.

*Viðurlög.*

Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

21. gr.

*Reglugerðarheimildir.*

Umhverfissráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokki við móttöku í móttökustöð.

22. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokkuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vöru sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I. Greiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr., skal hefjast 1. júlí 2003.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### I.

Úrvinnslusjóður skal taka við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.

##### II.

Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 8. gr., sbr. viðauka III, skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.

##### III.

Leggja skal úrvinnslugjald á pappirs-, pappa- og plastumbúðir, veiðarfæri úr gerviefnum og heyrúllplast frá 1. janúar 2004.

**Viðauki I.****Heyrúlluplast.**

Á heyrúlluplast sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39. kafla tollskrárinnar:

3920.1003 -- Marglaga, kóextrúderuð, lituð filma (heyrúlluplast) ..... 25,00 kr./kg

**Viðauki II.****Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur.**

Á samsettar pappaumbúðir sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 4., 20., 22. og 48. kafla tollskrárinnar:

**Úr 0401 Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**

0401.1000 – Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd ..... 0,56 kr./kg

0401.2000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd ..... 0,56 kr./kg

0401.3000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd ..... 0,70 kr./kg

**Úr 0403 Áfir, hleypt úr mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:**

– Annað:

– – Drykkjarvara:

0403.9021 – – – Kakóblönduð ..... 0,77 kr./kg

0403.9022 – – – Blönduð með ávöxtum eða hnetum ..... 0,73 kr./kg

0403.9029 – – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

**Úr 0404 Mýsa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnispáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**

0404.1000 – Mýsa og umbreytt mýsa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni ..... 0,59 kr./kg

0404.9000 – Annað ..... 0,73 kr./kg

**Úr 2009 Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**

– Appelsínusafi:

2009.1129 – – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

2009.1229 – – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

2009.1929 – – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Greipaldinsafi:

2009.2129

2929 – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum:

2009.3129

3929 – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Ananassafi:

2009.4129

4929 – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Tómatasafi:

2009.5029 – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Þrúgasafi (þar með talið þrúguþykkni):

2009.6129

6929 – – Önnur ..... 0,73 kr./kg

– Eplasafi:

2009.7129			
7929	-- Önnur	0,73 kr./kg	
	-- Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:		
2009.8029	-- Önnur	0,73 kr./kg	
	-- Safablöndur:		
2009.9029	-- Önnur	0,73 kr./kg	
<b>Úr 2201</b>	<b>Vatn, þar með talið náttúrulegt og gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og sjór:</b>		
2201.1019	-- Annars	0,59 kr./kg	
2201.9019	--- Annars	0,59 kr./kg	
2201.9029	--- Annars	0,59 kr./kg	
<b>Úr 2202</b>	<b>Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óafengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:</b>		
	-- Annað:		
	-- Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:		
2202.9011	--- Í pappaumbúðum	0,59 kr./kg	
2202.9019	--- Annars	0,59 kr./kg	
	--- Annars:		
2202.9099	--- Annars	0,73 kr./kg	
<b>Úr 4811</b>	<b>Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðsliða, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða réttthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:</b>		
	-- Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki lími):		
	--- Bleiktur, meira en 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd:		
Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að semja við félag eða félagasamtök um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Telji stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af 1. gr., að hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi sendir stjórnin tillögu þess efnis til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Skilyrði fyrir heimild Íbúðalánasjóðs til afskrifta er að þessir aðilar hafi fallist á tillöguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*



# LÖG

## um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

##### 1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

### II. KAFLI

#### Breytingar á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Í stað orðsins „dýraverndarráðs“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

##### 3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis. Heimilt er Umhverfisstofnun að taka gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá um útgáfu leyfa samkvæmt ákvæði þessu.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2.–3. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar dýraverndarráðs.

## b. 4. mgr. orðast svo:

Umhverfissráðherra skipar fjóra menn í dýraverndarráð. Bændasamtök Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Dýralæknafélag Íslands og Samband dýraverndunarfélaga Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann í ráðið. Ráðið skiptir með sér verkum. Hlutverk þess er að vera Umhverfisstofnun og umhverfissráðherra til ráðgjafar um dýraverndarmál.

## 5. gr.

## 18. gr. laganna orðast svo:

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem verða þess varir að tilkynna það Umhverfisstofnun, héraðsdýralækni eða lögreglu í viðkomandi umdæmi.

Fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr. Lögregla skal aðstoða fulltrúa Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni ef með þarf.

Sé um minni háttar brot að ræða skal Umhverfisstofnun leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna Umhverfisstofnun þessar aðgerðir þegar í stað. Lögreglustjóri ákveður í framhaldi af því, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og héraðsdýralæknis, hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin undir dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji Umhverfisstofnun nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur Umhverfisstofnun fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr. og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera kostnað af aðgerðum skv. 2. og 4. mgr. Ákvörðun um greiðslu kostnaðar er aðfararhæf.

## III. KAFLI

**Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.**

6. gr.

Í stað orðanna „eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna, orðsins „eiturefnaeftirlitsins“ í 2. mgr. 2. gr., orðsins „Eftirlitið“ í 3. mgr. 2. gr., orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 6. mgr. 23. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

7. gr.

Orðin „að höfðu samráði við eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins og“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Orðin „og Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

## IV. KAFLI

**Breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.**

9. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, orðsins „Hollustuvernd“ í 3. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

10. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

## V. KAFLI

**Breytingar á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra.

b. 1. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.

c. Í stað orðsins „Hollustuvernd“ í 2., 3. og 4. mgr., sem verða 3., 4. og 5. mgr., kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

12. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

## VI. KAFLI

**Breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, með síðari breytingum.**

13. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

## VII. KAFLI

**Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.**

14. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

15. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

## VIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.**

16. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

17. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## IX. KAFLI

**Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.**

18. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

## X. KAFLI

**Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.**

19. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

## XI. KAFLI

**Breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur,  
nr. 60/1992, með síðari breytingum.**

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „í samvinnu við embætti veiðistjóra“ í f-lið 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í i-lið 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.

21. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í e-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

## XII. KAFLI

**Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.**

22. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 6. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

23. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar.

## XIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi,  
nr. 61/1992, með síðari breytingum.**

24. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

## XIV. KAFLI

**Breytingar á lögum um skipulag ferðamála,  
nr. 117/1994, með síðari breytingum.**

25. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 10. tölul. 7. gr. laganna og orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 36. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

## XV. KAFLI

**Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.**

26. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr. laganna og orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

## XVI. KAFLI

**Breytingar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.**

27. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 5. gr. laganna og orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

## XVII. KAFLI

**Breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar,  
nr. 32/1986, með síðari breytingum.**

28. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

29. gr.

Orðin „Náttúruverndar ríkisins“ í 21. gr. laganna falla brott.

## XVIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði,  
nr. 67/1985, með síðari breytingum.**

30. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

## XIX. KAFLI

**Breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar,  
nr. 54/1995, með síðari breytingum.**

31. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „samþykki Breiðafjarðarnefndar“ í 2. mgr. kemur: leyfi Umhverfisstofnunar.
- b. Í stað orðanna „dómi Breiðafjarðarnefndar“ í 3. mgr. kemur: mati Umhverfisstofnunar.

## XX. KAFLI

**Breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum  
spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.**

33. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný orðskýring sem orðast svo: *Ágangssvæði*: nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

34. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð

að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.

#### 35. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á villtum stofnum spendýra og fugla og metur ástand þeirra, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

#### 36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

b. 3. mgr. orðast svo:

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tíma-bundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði. Erindi samkvæmt þessu ákvæði skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu.

c. Í stað orðsins „ráðgjafarnefndarinnar“ í 5. og 7. mgr. kemur: Náttúrufræðistofnunar Íslands.

d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

#### 37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

#### 38. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## 39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Veiðistjóri“ í 1. og 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
- b. 3. mgr. orðast svo:
 

Gjald fyrir veiðikort skal vera 2.200 kr. á ári. Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

## 40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 1. mgr., orðsins „veiðistjóraembætti“ í 2. másl. 2. mgr., orðsins „veiðistjóraembættis“ í 4. mgr. og orðsins „veiðistjóra“ í 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
- b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.

## 41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. 1. og 2. mgr. orðast svo:
 

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til minkaveiða.
- b. Í stað orðsins „veiðistjóraembættis“ í 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

## 42. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Hreindýr.*

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.

Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.

Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum og ræður til þess eftirlitsmenn. Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan



veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.

Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Verði Umhverfisstofnun eða eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 3. mgr.

43. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfænaði er ekki talin stafa brád hætta af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

44. gr.

Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## XXI. KAFLI

### **Breytingar á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, með síðari breytingum.**

45. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 1.–4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

46. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

## XXII. KAFLI

### **Breytingar á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.**

47. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

## XXIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um lax- og silungsveiði,  
nr. 76/1970, með síðari breytingum.**

48. gr.

Í stað orðanna „að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins“ í 25. gr. laganna kemur: að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags og Veiðimálastofnunar og með samþykki Umhverfisstofnunar.

## XXIV. KAFLI

49. gr.

**Gildistaka.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Siv Friðleifsdóttir.*

## LÖG

**um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,  
nr. 64 16. desember 1943.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa Lögbirtingablað út og dreifa því á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu. Verði útgáfa Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd og gagnaöryggi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

## LÖG

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum fellur brott.

4. gr.

Viðauki við lög in orðast svo:

**Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.**

Afurðir					Lánasjóður	Alls
	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	landbún-aðarins	
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

5. gr.

*Breyting á lögum nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.*

Í stað orðsins „búvörugjalds“ í 3. og 4. másl. 5. gr. laganna kemur: búnaðargjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

III. kafli laganna, **Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga**, orðast svo:

##### a. (8. gr.)

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemi 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars.
- d. Vaxtatekjur.

##### b. (9. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

- a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
- b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
- c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.
- d. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 13. gr.

##### c. (10. gr.)

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d-lið 11. gr.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr., sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
- c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr.
- d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.
- e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga.
- f. Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 16. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

## d. (11. gr.)

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádragnum framlögum skv. d- og e-lið þessarar greinar, og skal framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og leikskóla. Einnig er heimilt að greiða árlega allt að 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.
- d. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr.
- e. Til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, allt að 11,5% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. Við ráðstöfun fjármuna samkvæmt þessum lið til einstakra sveitarfélaga skal miða við grunnfjárhæðir húsaleigubóta eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma.
- f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

## e. (12. gr.)

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

- a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlaga skv. d-lið 11. gr.
- b. Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mismunandi útgjaldabörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldabörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl. Til framlaga samkvæmt þessari grein skal verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

## f. (13. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr., að frádragnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og innflytjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans.

Jöfnunarsjóður getur gert samninga við sveitarfélög og stofnanir um kennsluráðgjöf og aðra sérfræðipjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýtast grunnskólum á landsvísi. Þá skulu eldri samningar um rekstur sérskóla og sérdeilda halda gildi sínu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skólastjórnaenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrir en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum hætti.

g. (14. gr.)

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum samkvæmt þessum kafla.

h. (15. gr.)

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. 11.–13. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

i. (16. gr.)

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

j. (17. gr.)

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

k. (18. gr.)

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

## 2. gr.

Við löginn bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

## LÖG

### **um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er sveitarfélagi að greiða húsaleigubætur til leigjanda sem búa þarf tímabundið í öðru sveitarfélagi vegna veikinda. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem umsækjandi á lögheimili.

3. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðisstofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Íbúðalána-sjóðs.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn seinna verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

# AUGLÝSING

## um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Á tollskránni eru gerðar þessar breytingar:

	A %	A1 kr./kg	E %
1. Á 2. kafla:			
a) Tollskrárnúmer 0208.9006 fellur niður.			
b) Við vörulið nr. 0208 bætast ný tollskrárnúmer sem orðast svo:			
0208.9007 – – Beinlaust hreindýrakjöt, fryst .....	30	1014	
0208.9008 – – Hreindýrakjöt með beini, fryst .....	30	1014	
2. Á 3. kafla:			
a) Tollskrárnúmer 0302.6917 fellur niður.			
b) Við vörulið nr. 0302 bætast ný tollskrárnúmer sem orðast svo:			
0302.6921 – – – Skötuselur, heill með haus .....	0		
0302.6922 – – – Skötuselur, halar .....	0		
0302.6923 – – – Skötuselur, annar .....	0		
c) Tollskrárnúmer 0303.7919 fellur niður.			
d) Við vörulið nr. 0303 bætast ný tollskrárnúmer sem orðast svo:			
0303.7924 – – – Skötuselur, heill með haus .....	0		
0303.7925 – – – Skötuselur, halar .....	0		
0303.7926 – – – Skötuselur, annar .....	0		
e) Tollskrárnúmer 0305.6201 verður 0305.6210.			
f) Tollskrárnúmer 0305.6209 skiptist upp og orðast svo:			
– – – Annars:			
0305.6291 – – – – Þunnildi .....	0		
0305.6292 – – – – Gellur .....	0		
0305.6293 – – – – Fiskfés (gellur og kinnar) .....	0		
0305.6299 – – – – Annað .....	0		
3. Á 4. kafla:			
Tollskrárnúmer 0407.0000 skiptist upp og orðast svo ásamt vörulið:			
<b>0407 Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin:</b>			
0407.0001 – Frjóegg (af tegund Gallus domesticus) .....	30	243	
0407.0009 – Önnur .....	30	243	
4. Á 8. kafla:			
a) Tollskrárnúmer 0805.6000 fellur niður.			
b) Við vörulið nr. 0810 bætist nýtt tollskrárnúmer sem orðast svo:			
0810.6000 – Durianaldin .....	0		
5. Á 22. kafla:			
a) Texti tollskrárnúmera 2204.2943, 2204.2953, 2204.2963 og 2204.2993 orðast svo: Í einnota glerumbúðum			
b) Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott:			
2204.2944 – – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni .....	0		
2204.2954 – – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni .....	0		
2204.2964 – – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni .....	0		
2204.2994 – – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni .....	0		
6. Á 39. kafla:			
Við vörulið 3920 bætist nýtt tollskrárnúmer 3920.1003 er orðast svo:			
3920.1003 – – Marglaga, kóextrúderuð, lituð filma (heyrúlluplast) .....	5		0



	A	A1	E
	%	kr./kg	%
7. Á 48. kafla:			
a) Tollskrárnúmerin 4811.5100, 4811.5900 og 4811.6000 skiptast upp og orðast svo:			
– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki lími):			
– – Bleiktur, meira en 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd:			
4811.5101 – – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir			
fyrir drykkjarvörur .....	0		
4811.5109 – – – Annars .....	0		
– – Annar:			
4811.5901 – – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir			
fyrir drykkjarvörur .....	0		
4811.5909 – – – Annars .....	0		
– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður			
vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:			
4811.6001 – – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir			
fyrir drykkjarvörur .....	0		
4811.6009 – – – Annars .....	0		
b) Tollskrárnúmerin 4819.2001 og 4819.2009 skiptast upp og orðast svo:			
– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:			
– – Með viðeigandi áletrun til útflutnings:			
4819.2011 – – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur .....	0		
4819.2019 – – – Annars .....	0		
– – Annað:			
4819.2091 – – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur .....	5		0
4819.2099 – – – Annars .....	5		0
8. Á 85. kafla:			
Tollskrárnúmerið 8507.9000 skiptist upp og orðast svo:			
– Hlutar:			
8507.9001 – – Til blý-sýrugeyma .....	0		
8507.9009 – – Aðrir .....	0		

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi hinn 1. janúar 2003 og tekur til allra vara sem ótoll-afgreiddar eru við gildistöku hennar.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Lilja Sturludóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 2002

18. desember 2002

553

Nr. 170

## FJÁRLÖG

fyrir árið 2003.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### A-hluti

### Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2003 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
<b>Skatttekjur.....</b>	<b>237.001,4</b>	<b>228.836,0</b>
Skattar á tekjur einstaklinga .....	69.140,0	66.596,0
Skattar á tekjur lögaðila.....	8.250,0	6.930,0
Tryggingagjöld .....	27.744,1	26.954,6
Eignarskattar.....	7.954,0	7.855,0
Virðisaukaskattur.....	79.700,0	76.512,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu.....	40.332,6	40.255,7
Skattar ótaldir annars staðar .....	3.880,7	3.732,7
<b>Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>22.409,1</b>	<b>17.654,5</b>
Arðgreiðslur.....	2.537,0	2.537,0
Vaxtatekjur og eignatekjur .....	13.523,0	8.834,0
Rekstrartekjur ótaldir annars staðar .....	6.349,1	6.283,5
Sala eigna.....	10.340,0	10.340,0
Fjárframlög .....	1.849,5	1.849,5
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>271.600,0</b>	<b>258.680,0</b>
Æðsta stjórn ríkisins .....	2.298,5	2.298,5
Forsætisráðuneyti.....	1.031,1	1.031,1
Menntamálaráðuneyti .....	31.270,9	31.270,9
Utanríkisráðuneyti .....	5.292,4	5.292,4
Landbúnaðarráðuneyti .....	11.465,1	11.465,1
Sjávarútvegsráðuneyti.....	2.932,6	2.932,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	14.367,1	14.367,1
Félagsmálaráðuneyti .....	21.557,8	21.557,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	100.741,5	100.741,5
Fjármálaráðuneyti .....	27.653,3	22.141,3
Samgönguráðuneyti .....	17.568,6	17.688,7
Iðnaðarráðuneyti .....	3.205,1	3.205,1
Viðskiptaráðuneyti.....	1.446,2	1.446,2
Hagstofa Íslands.....	539,2	539,2
Umhverfissráðuneyti .....	3.272,7	3.272,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	15.500,0	15.600,0
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>260.142,1</b>	<b>254.850,2</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>11.457,9</b>	

A 36

**Endurprentað blað.**

## A-hluti Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2003 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

### **Rekstrarhreyfingar**

Tekjujöfnuður .....	11.457,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi .....	-13.267,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting) .....	-4.041,0
Viðskiptaskuldir, (breyting) .....	-120,1
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>-5.970,2</b>

### **Fjármunahreyfingar**

Veitt stutt lán .....	15.200,0
Veitt löng lán .....	-5.890,0
Afborganir veittra lána .....	8.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög .....	-1.062,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	12.670,0
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>29.818,0</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður .....</b>	<b>23.847,8</b>

### **Fjármögnun**

Skammtímalán .....	0,0
Tekin löng lán .....	17.500,0
Afborganir lána .....	-31.100,0
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>-13.600,0</b>
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins .....	7.500,0
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>2.747,8</b>

## B-hluti

### Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár- festing	Lán- tökur
Happdrætti Háskóla Íslands .....	365,0	0,0	10,0	700,0
Ríkisútvarpið.....	-215,0	0,0	0,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands .....	-34,3	0,0	0,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli .....	-145,4	0,0	970,0	970,0
Ratsjárstofnun .....	0,0	0,0	8,1	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....	3.674,8	133,0	85,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan .....	0,0	0,0	120,0	200,0
Rafmagnsveitur ríkisins .....	-181,0	219,0	903,0	500,0
<b>Samtals.....</b>	<b>3.464,1</b>	<b>352,0</b>	<b>2.096,1</b>	<b>2.370,0</b>

## C-hluti

### Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár- festing	Lán- tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	1.042,0	5.930,0	48,0	4.300,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins .....	-15,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins .....	216,3	1.909,0	0,0	1.600,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins .....	662,0	0,0	0,0	500,0
Íbúðalánasjóður, húsbrefadeild .....	2.916,0	34.690,0	12,0	34.350,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir .....	-34,0	9.250,0	0,0	12.300,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán .....	-61,0	6.000,0	0,0	8.320,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-779,0	0,0	7,0	9.740,0
Hafnabótasjóður .....	-121,4	0,0	0,0	0,0
Orkusjóður .....	-21,7	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun .....	85,6	2.800,0	0,0	2.500,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins .....	-70,0	40,0	5,0	0,0
<b>Samtals.....</b>	<b>3.819,8</b>	<b>60.659,0</b>	<b>72,0</b>	<b>73.610,0</b>

## Ýmis ákvæði

**Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir**

## 5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 20.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Að endurlána allt að 5.890 m.kr. til eftirtalinna aðila:
  - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.300 m.kr.
  - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 500 m.kr.
  - 2.3 Alþjóðflugþjónustunnar allt að 200 m.kr.
  - 2.4 Hapdrætti Háskóla Íslands allt að 700 m.kr.
  - 2.5 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli allt að 190 m.kr.
3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2003 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
  - 3.1 Landsvirkjun, allt að 21.500 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
  - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 34.350 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
  - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 12.300 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
  - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 8.320 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
  - 3.5 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 9.740 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
  - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.600 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
  - 3.7 Byggðastofnun, allt að 2.500 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
  - 3.8 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 500 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

## 4. Ýmis ákvæði.

- 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardeggi fjárlaga.
- 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
- 4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
  - a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
  - b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
  - c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.
- 4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lána-sýslu ríkisins.

## 5. Annað.

Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku Farice hf. allt að 800 m.kr.

Ýmis ákvæði  
**Skerðingarákvæði**

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2003 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.



Ýmis ákvæði  
**Heimildir**

7. gr.

**Fjármálaráðherra er heimilt:**

**Eftirgjöf gjalda**

- 1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðipjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

**Sala húsnæðis**

- 2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- 2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
- 2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
- 2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Öfundarfirði.
- 2.5 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlan.
- 2.6 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
- 2.7 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Gunnarsbraut 4–6, Dalvík.
- 2.8 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
- 2.9 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
- 2.10 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
- 2.11 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
- 2.12 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b, 39c og 39d, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.13 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
- 2.14 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
- 2.15 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
- 2.16 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
- 2.17 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
- 2.18 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
- 2.19 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
- 2.20 Að selja fasteignina Bræðratungu á Ísafirði og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.21 Að selja fasteign og lóð Vegagerðar ríkisins að Stórhöfða 34–40 og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
- 2.22 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
- 2.23 Að selja prestsseturhúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
- 2.24 Að selja skrifstofuhúsnæði Skógræktar ríkisins að Miðvangi 2, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.

**Sala eignarhluta í húsnæði**

- 3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.

